



VERSLUNARMANNAHELGARSÖGUR RIFJADAR UPP ▶ 32

Driscoll's Jarðarber
250 g askja
229 kr.

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ


HELGARBLAÐ
1. ágúst 2015
179. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*



Á VAKTINNI

Fyrir **verslunarmannahelgina** gerir hópur fólks sig reiðubúinn til að passa upp á okkur hin sem skemmtum okkur víðs vegar um landið. Þau bregðast við litlum og stórum áföllum sem virðast alltaf fylgja þessari helgi. ▶ 18



LEIKLISTIN HEILLAR Mörg tækifæri bíða Katrínar Tönju Davíðsdóttur eftir sigur á crossfit-leikumum. ▶ 22



ÚR ÖSKUSTÓNNI ▶ 2

JÓN GNARR
AÐ BULLA Í BÖRNUM
▶ 12

atvinna
FÓLK
KYNSEGIN HINSÖGUR

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kringlan

ÚTSÖLU-
LOK

GÖTU-
MARKAÐUR
OG ÓTRÚLEG
VERÐ!

LYFJA
- Lífið heil

Opið alla verslunarmannahelgina
frá kl. 8-24 í Lyfju Lágmúla og Smáratorgi

www.lyfja.is

Útsala
Opið í dag 11-18

SMÁRALIND

VEÐUR



Norðan 5-10 m/s vestanlands í dag, annars hægar breytileg átt. Rigning um landið norðvestanvert og einnig við norðausturströndina. Þurrk að mestu í öðrum landshlutum, en má búast við stöku skúrum suðaustanlands. Hiti 5 til 13 stig, kaldast norðvestantil.

SJÁ SÍÐU 32

GLEÐIFRÉTTIN

Druslugangan aldrei fjölmennari

Miðbær Reykjavíkur íðaði af lífi síðustu helgi þegar Druslugangan var farin í fimmta sinn. „Þetta gekk eins og í draumi og það heppnaðist allt ótrúlega vel,“ segir Sunna Ben, ein skipuleggjenda.



FIMM Í FRÉTTUM ÞJÓÐHÁTÍÐ OG PINGVALLAERJUR



Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, brýndi fyrir viðbragðsaðilum í Eyjum að upplýsa fjölmiðla ekki um kynferðisbrot á Þjóðhátíð.



Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, vill að gestir Þjóðhátíðar fari á klósettíð áður en þeir fari á Þjóðhátíð. Hann hefur áhyggjur af skólþvatni sem leiti í Þjóðhátíð.



Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags Íslenskra bifreiðaeigenda, segir Íslensku olúfélögin bíða í lengstu lög með að lækka eldsneytisverð.



Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, segir Hvergerðinga ákveðna í að halda lúpínu og kerfli frá þeim svæðum sem plönturnar valdi skaða. Hún vill ekki missa berjamóa Hvergerðinga undir lúpínu.

→ **Ólafur Örn Haraldsson**, þjóðgarðsvörður á Þjóðhátíð, segir rangt að skólþvatn leki í Þjóðhátíð. Hann kallar málfutning Hilmars J. Malmquist um vatnið aulabrandara.



YANGON-HÉRAÐ Hér sést fólk á svæði sem er illa leikið eftir monsúnregn. FRÉTTABLAÐID/EPA

Forseti skilgreinir nokkur héruð landsins sem hamfarasvæði: Flóðin í Búrma sækja í sig veðrið

BÚRMA Gríðarlegar rigningar hafa valdið flóðum og aurskriðum á stórum landsvæðum í Búrma. Yfirvöld í landinu áætla að á bilinu 67 þúsund til 110 þúsund manns hafi orðið fyrir alvarlegum áföllum vegna flóðanna. Sérstakar áhyggjur ríkja vegna Rakhine-héraðs þar sem búist er við stormi frá Bangladess. Í héraðinu búa hundruð þúsund manns við slæmar aðstæður í hálfgerðum flóttamannabúðum. Forseti Búrma sendi í gær frá sér yfirlýsingu þess efnis að nokkur héruð landsins væru nú skilgreind sem hamfarasvæði. Forsetinn hefur settið undir mikilli gagnrýni fyrir að grípa seint inn í aðstæður og veita fólki sínu litla aðstoð. Flóðin hafa skemmt ræktarland, brýr, lestarteina, vegi og hús. -snæ

Minni markaðsafskipti: Vill draga úr áhrifum ESB

PÝSKALAND Wolfgang Schäuble, fjármálaráðgjafi Pýskalands, vill takmarka völd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Schäuble er þeirrar skoðunar að Evrópusambandið geti ekki bæði verið sérlegur vaktmaður innri markaðarins á sama tíma og pólitísk völd sambandsins aukast. Hann er ekki andsnúinn auknu pólitísku hlutverki ESB en vill að deildir innan framkvæmdastjórnarinnar sem snúa að innri markaðnum hverfi. -sfs

Virkt eftirlit hjá lögreglu: Viðamikilið eftirlit um helgina

LÖGREGLAN Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu verður með viðamikilið eftirlit um verslunarmannahelgina eins og jafnan áður. Áhersla hefur verið á eftirlit með ferðavögnum, hraðakstri, notkun öryggisbelta og hættulegum framúrakstri. Slíkt eftirlit hefur verið mjög virkt hjá lögreglu það sem af er sumri. Í flestum tilvikum virðast ferðalangar því huga vel að ástandi ökutækja og passa að fyllsta öryggis sé gætt að því er kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni. -ngy

Eden rís úr öskunni á Tívolílóð í Hveragerði

Fjórum árum eftir að blóma- og veitingaskálinn Eden brann í Hveragerði er áformað að reisa slíkan skála að nýju með sama nafni á svokallaðri Tívolílóð andspænis gömlu Edenlóðinni. Gert er ráð fyrir eitt hundrað ársverkum í nýju Eden.

VIÐSKIPTI Bæjarráð Hveragerðis hefur samþykkt að veita félagi sem hyggst byggja söluskála undir nafninu Eden fimm mánaða forgang að svokallaðri Tívolílóð. Gróðrarstöðin og veitingaskálinn Eden brann til kaldra kola fyrir fjórum árum, þann 22. júlí 2011, og lauk þar langri sögu þessa vinsæla söluskála. Að því er fram kemur í erindi til bæjaryfirvalda í Hveragerði er nú hafinn undirbúningur að uppbyggingu og rekstri fjölnota húss í Hveragerði undir merkjum Eden Geothermal Centre. Rekstrarfélagið Eden ehf. hyggist standa fyrir rekstri á fjölnota byggingu í Hveragerði og hafi í því sambandi undirritað viljayfirlýsingu um byggingu og leigu á slíku húsi. Byggingin verði allt að 2.500 fermetrar, þar af átta hundruð fermetra „tropical“ gróðurhús. Segir í bréfinu að miðað sé við að húsið verði tilbúið til opunar í apríl 2017. „Reiknað er með að í húsinu verði unnin allt að 100 ársverk,“ segir um umfang rekstursins. Þá segir að forsenda fyrir því að verkefnið verði að veruleika sé að Hveragerðisbær veiti fimm mánaða forkaupsrétt á Tívolíreitnum. „Jafnframt er óskað eftir því að félagið fái leyfi Hveragerðisbæjar til að nota nafnið Eden á starfseminum enda verði starfsemin í samræmi við starfsemi sem áður var í Eden,“ segir í erindinu. Bæjarráðið segir þessi áform samræmast vel þeim hugmyndum sem margir bæjarbúar og bæjarstjórn hafi haft um endurupp-



EDEN SEM VAR Stórbruni batt enda á sögu Eden. Nú vilja nýir aðilar taka upp þráðinn að nýju. FRÉTTABLAÐID/PIJETUR



TÍVOLÍLÓÐIN Þar sem tívolí stóð áður í Hveragerði vilja menn reisa nýja Eden í stað þeirrar sem áður stóð á lóðinni til hægri á myndinni. FRÉTTABLAÐID/PIJETUR

byggingu Eden í bæjarfélaginu. Undirbúningshópnunum sé veittur forgangur að Tívolíreitnum í fimm mánuði. „Verði hugmyndir þeirra að veruleika í þeirri mynd sem þær

Verði hugmyndir þeirra að veruleika í þeirri mynd sem þær eru hér settar fram er bæjarráð tilbúið til að veita heimild til notkunar á Eden nafninu. Bæjarráð Hveragerðis

eru hér settar fram er bæjarráð tilbúið til að veita heimild til notkunar á Eden nafninu fyrir starfseminum,“ segir bæjarráðið í samþykkt sinni. gar@frettabladid.is

Mallorca

20. ágúst í 2 vikur

Verð frá 179.900 kr.*

*á mann í tvíþýli með hálfu fæði á Hótel JS Palma Stay. Gullfallegt og endurnýjað hótél sem er eingöngu fyrir fullorðna. Hótelið er á Playa de Palma ströndinni og örstutt er inn í Palma-borg.

VITA er lífið

Afnám auðlegðarskatts sparaði forsætisráðherra milljónir í opinber gjöld: Ekki lengur á lista skattahæstu

FJÁRMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðgjafi borgar helmingi lægri upphæð í opinber gjöld á þessu ári en á því síðasta. Í ár greiðir hann um átta milljónir króna í skatt. Það er Austurfrétt sem greinir fyrst frá málinu. Ef álagningarárskrár á Fljótsdalshéraði, þar sem forsætisráðgjafi er með lögheimili, eru skoðaðar sést að í ár greiðir hann 2,76 milljónir í útsvar og 5,12 milljónir í tekjuskatt. Á síðasta ári greiddi hann 2,3 milljónir í útsvar, átta milljónir í tekjuskatt og 2,8 milljónir í auðlegðarskatt. Auðlegðarskatturinn var mjög gagnrýndur í tíð síðustu ríkisstjórnar. Í tíð þessarar ríkisstjórnar rann tími hans út og var skatturinn ekki endurnýjaður. „Mér hefur fundist öll skatta-



SPARNADUR Á síðasta ári var Sigmundur á lista þeirra sem greiddu hæstu skattana á Austurlandi. Nú er hann hvergi á listanum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

stefna stjórnarinnar miða að því að draga úr tekjujöfnunaráhrifum skattastefnunnar,“ segir Katrín Jakobsdóttir formaður Vinstri grænna. -snæ

→ Sigmundur Davíð greiðir um helmingi minna í opinber gjöld í ár en í fyrra.

RÝMINGAR- SALA

Á SUMARVÖRUM.

LÝKUR UM HELGINA

30% afsláttur af ferðavörum


Tjald Riga 2

 Tveggja manna, Þyngd 1.7 kg.
 3000410

2.790 kr.

Fullt verð: 3.990 kr.


Tjald Apia 2

 Tveggja manna, Þyngd 2.2 kg.
 3000411

4.820 kr.

Fullt verð: 6.890 kr.


Tjald Athina

 Fjögurra manna, tvö herbergi, Þyngd 8 kg.
 3000414

13.930 kr.


Fullt verð: 19.900 kr.


Svefnpoki Ibiza

 Þyngd 1.7 kg.
 3000420

3.490 kr.

Fullt verð: 4.990 kr.


Vindsæng Queen

 152x203x22 cm
 3900934

3.490 kr.

Fullt verð: 4.990 kr.


Kælibox Dometic W35

 12-220V, 56x37,3x45,8 cm
 38999286

20.993 kr.

Fullt verð: 29.990 kr.

Afgreiðslutími um Verslunarmannahelgina

 Laugardagur 1. ágúst
 opið í öllum verslunum nema
 í Vestmannaeyjum er lokað.

 Sunnudagur 2. ágúst
 opið í Skútuvogi 11-17
 allar aðrar verslanir lokaðar.

 Mánudagur 3. ágúst
 allar verslanir lokaðar

26.07.2015 → 01.08.2015

9 FLÓTTAMENN



hafa látist í ár við það að reyna að komast í gegnum Ermarsundsgöngin.



MILLJARÐAR

manna nota Facebook, samkvæmt tölum frá Mark Zuckerberg.

33%



unglinga sem eiga foreldra af erlendum uppruna hafa reykt tóbak um ævina á móti fjórtán prósentum íslenskra unglunga.



DAGFORELDRAR,

sem komnir eru yfir sjötugt, starfa í Reykjavík.

2.597



fóru fyrir héraðsdóm árið 2014 en 5.122 árið 2011.

16.099

bifreiðar hafa verið innkallaðar það sem af er ári. Í fyrra voru þær samtals 6.394.



HERACLEUM Plönturnar eru varasamar en sjást víða Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Borgin kortleggur plöntur: Bregðast við vara-sömum plöntum

NÁTTÚRA Umhverfis- og skipulags-svið Reykjavíkurborgar ætlar að grípa til aðgerða vegna útbreiðslu trölla-, húna- og bjarnarklóa í Reykjavík.

Þetta eru plöntur af ættkvíslinni heracleum, en fundist hafa þrjár tegundir sem ganga undir ýmsum nöfnum. Þær eru varasamar því þær innihalda efnasambönd sem geta valdið alvarlegum bruna á húð. Í sumar hefur verið unnið að því að kortleggja útbreiðslu platan-anna en að því loknu verður unnin aðgerðaráætlun og útbúið fræðslu-efni um hvernig best sé að bregðast við vandanum.

Ivana um sinn fyrrverandi:

Dregur orð um Trump til baka

BANDARÍKIN „Ég las nýlega þrjátíu ára gömul ummæli sem voru höfð eftir mér. Ummælin féllu á þeim tíma sem við Donald vorum að skilja. Þessi saga er ekki á rökum reist,“ sagði Ivana Trump í yfirlýsingu í gær.

Undanfarna daga hefur verið fjallað um gömul ummæli hennar þar sem hún sakaði forseta-frambjóðandann Donald Trump, fyrrverandi eiginmann sinn, um nauðgun. Hún dregur nú ummælin til baka. „Ég hef mikið dálæti á Donald og óska honum alls hins besta í kosningabaráttu sinni. Ég held að hann yrði ótrúlega góður forseti Bandaríkjanna.“

Skilnaði hafnað ef ósamið er um skipti eignalausra búa

Dæmi eru um að dómstólar vísi skilnaðarmálum frá ef ekki næst í annan maka og eignaskiptasamningar liggja ekki fyrir þótt ljóst sé að bú séu eignalaus. Helga Vala Helgadóttir segir það mannréttindamál að fá að skilja.

DÓMSMÁL Dæmi eru um að íslenskir dómstólar vísi skilnaðarmálum frá dómi ef ekki næst í annan makann á grundvelli þess að eignaskiptasamningar liggja



VILHJÁLMMUR H. VILHJÁLMSOON

ekki fyrir þótt ljóst sé að bú séu eignalaus. Þetta segir Helga Vala Helgadóttir lögmaður. Hún segist vita til tveggja nýlegra slíka mála. Annað þeirra hafi farið fyrir

Hæstarétt sem staðfest hafi að vísa málinu frá dómi á grundvelli þess að eignaskiptasamningur hafi ekki legið fyrir.

„Þess er krafist þegar gengið er frá skilnaði að búni sé að ganga frá eignaskiptum eða farið hafi fram beidni um opinber skipti,“ segir Helga Vala.

„Þegar þú ferð fram á opinber skipti þarft þú að sýna fram á að það séu einhverjar eignir í búinu til að skipta og leggja fram tryggingu upp á 250 þúsund krónur. Þetta er auðvitað frekar galið þegar engar sameiginlegar eignir eru í búinu eins og oft er,“ segir Helga Vala.

Þegar bent hafi verið á fyrir dómi að ekki sé hægt að fara fram á opinber skipti í eignalausum búni hafi viðkvæði dómstóla verið að eigi að síður þurfi að óska eftir opinberum skiptum fyrir héraðsdómi. Dómstóllinn eigi svo að hafna opinberum skiptum þar sem bú sé eignalaus.

„Þetta eru sjálfsgöð mannréttindi að þú sért ekki þvingaður til að vera í hjónabandi sem þú



Í DÓMSAL Helga Vala segir að hægt sé að þvæla skilnaðarmálum í gegnum réttarkerfið í mörg ár með því að láta ekki ná í sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Helga Vala Helgadóttir lögmaður

„Þetta eru sjálfsgöð mannréttindi að þú sért ekki þvingaður til að vera í hjónaband

sem þú vilt ekki vera í.

Helga Vala Helgadóttir lögmaður

vilt ekki vera í. Manneskja getur þvælt þessu árum saman í gegnum kerfið með miklum tilkostnaði einstaklings með því að bregðast ekki við beidni um skilnað,“ segir Helga Vala.

Hins vegar bendir Helga Vala á að ekki gangi að afgreiða kröfu um skilnað nema gengið hafi verið úr skugga um að reynt hafi verið

ad ná í hinn aðilann. „Það þarf að vera alveg ljóst að það sé reynt að birta makanum stefnu,“ segir hún.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður segir að úrræði í skilnaðarmálum þar sem ekki næst í annan makann í íslensku dómskerfinu virki eins og þau eigi að gera. Sé rökstutt í stefnu í Lögbirtinga- blaðinu hvers vegna stefnan sé birt þar, eigi það að duga til að fá skilnað

ad samþykktan fyrir dómi. Í þeim dómsmálum sem hann hafi rekið hafi slík birting verið talin nægjanleg. „Ef þú sleppir því að rökstyðja eða gerir það illa geta verið einhverjir vankantar á málatilbúnaðinum,“ segir Vilhjálmur. „Ef lögmenn vinna ekki vinnuna sína og standa sig ekki sem skyldi geta dómstólar ekkert að því gert,“ bætir Vilhjálmur við.

ingvar@frettabladid.is

Hafði ekki heyrt frá makanum í 36 ár

Helga Vala hefur rekið nokkur mál fyrir íslenskum dómstólum þar sem ekki tekst að hafa upp á erlendum maka. Eitt þeirra sneri að íslenskrri konu sem giftist breskum karlmanni árið 1975 en sleit samvistum við hann ári síðar og flutti þá til Íslands. Konan fór hins vegar ekki formlega fram á skilnað fyrir dómstólum fyrr en árið 2012. Hún hafði þó farið fram á skilnað áratugum áður. Þá hafði hún hvorki hitt né heyrt frá eiginmanni sínum í 36 ár. Eigi að síður þurfti að reka málið tvívegis fyrir íslenskum dómstólum þar sem dómari mat það svo að ekki hefði verið fullreynt að hafa uppi á manningum í fyrra dómsmálinu. „Við vissum ekki einu sinni hvort maðurinn var lífs eða liðinn,“ segir Helga Vala.

Peim sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg fækkar um 3,1% milli ára: Alls 4.088 fengu fjárhagsaðstoð

REYKJAVÍK Alls fengu 4.088 einstaklingar og fjölskyldur fjárhagsaðstoð á vegum Reykjavíkurborgar í fyrra, samanborið við 4.218 árið þar áður. Það er fækkun um 3,1% milli ára. Þetta kemur fram í nýbirttri ársskýrslu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Fjárhagsaðstoð er veitt til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna. Þeir eiga rétt á fjárhagsaðstoð sem eiga lögheimili í Reykjavík og hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Aðstoðin er ýmist veitt sem styrkur eða lán.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklings á árinu 2014 gat numið allt að 169.199 kr. á mánuði og 253.799 kr. á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna



REYKJAVÍK Fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklings á árinu gat numið allt að 169 þúsund krónum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

barna. Vaxtabætur og húsaleigu- bætur mæta mismunandi kostnaði vegna húsnæðis.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu var veitt 3.269 einstaklingum og fjölskyldum samanborið við 3.350 árið 2013 og er það fækkun um 2,4% á milli ára. Synjanir umsóknna um fjárhagsaðstoð voru 584 á árinu. Þar af var 236 einstakling-

um synjað með öllu um fjárhags- stuðning samanborið við 220 mál árið 2013 og er það fjölgun um 7%.

Auk fjárhagsaðstoðar til framfærslu er heimilt að veita einstaklingum og fjölskyldum fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna, náms eða óvæntra áfalla samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð.

-fbj

Vild

FRÍTT Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN OG 50% AFSLÁTTUR Í LEIKTÆKI Á SUNNUNAGINN FYRIR FÉLAGA Í VILD.

FRÍTT INN 50% AFSLÁTTUR Í LEIKTÆKI
Sunnudaginn 2. ágúst

365.is | Sími 1817 **365**

WA!

PÝSK GÆÐI FRÁ OPEL!



1975 | Bílabúð Benna | 2015

Opel Corsa

Útborgun frá aðeins:

249.000 kr.

Verð frá: **2.490.000 kr.**

Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.



Ný Corsa

Láttu Opel koma þér á óvart

Corsa var kynntur til sögunnar árið 1982, sló strax í gegn og hefur selst í um 12,3 milljónum eintaka. Það er heilmargt sem kemur á óvart við fimmtu kynslóðina af Corsa. Bíllinn státar af óvenju fullkomnum tækni- og öryggisbúnaði, glæsilegum línnum, sprækum vélum og sparneytni, enda hreppti hann titilinn „Best Buy Car of Europe 2015“ – sem segir í raun allt.

Bílabúð Benna

Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

Aðsókn að sundlaugum eykst: Fleiri í sund í Borgarbyggð

BORGARBYGGÐ Mikil aukning hefur orðið í aðsókn að sundlaugum Borgarbyggðar í sumar.

Í sundlauginu í Borgarnesi hafa komið 15.900 gestir í júlí sem er þrjátíu prósentu aukning í samanburði við júlí í fyrra.

Aukning í sundlauginu á Kleppjárnshöfn er yfir fjörutíu prósent þegar júlímánuður er borinn saman við júlímánuð í fyrra. 2.400 gestir komu í sundlauginu í júlí.

Gestir í sundlauginu á Varmalandi voru um 3.000 í júlí. -ngy

Styttist í lokaskýrslu flugslysasviðs Rannsóknarnefndar samgönguslysa um brotlendinguna í Hlíðarfjalli:

Drög að lokaskýrslu bráðlega til umsagnar

ÖRYGGISMÁL „Rannsóknin er á lokastigi,“ segir Þorkell Ágústsson, rannsóknarstjóri flugslysasviðs Rannsóknarnefndar samgönguslysa, um gang mála vegna skoðunar á flugslysinu við Akureyri fyrir tæpum tveimur árum.

Flugstjóri og sjúkraflutningamaður fórust er sjúkraflugvél Mýflugs brotlenti á akstursbraut Bílklúbbs Akureyrar í Hlíðarfjalli mánudaginn 5. ágúst 2013. Annar flugmaður sem var í vélinni komst lífs af.

Þorkell segir styttast í að drög að lokaskýrslu verði send til aðila málsins til umsagnar. Einnig eigi málið eftir að fá

umfjöllun hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

„Að því loknu er skýrslan gefin út opinberlega. Og ég býst við að það verði núna á næstu mánuðum. Það snýst um hversu hraða meðhöndlun málið fær á þessum lokaferli,“ segir Þorkell.

Aðspurður segir Þorkell ekkert sérstakt hafa gert rannsókn þessa slyss flókna. „Það er bara nóg að gera hjá okkur og þetta hefur tekið sinn tíma. Hefur haft sinn eðlilega gang.“

-gar

TF-MYX Óhug sló á áhorfendur á aksturskeppni í Hlíðarfjalli þegar lágflug yfir brautina endaði með skelfingu.



BIÐUR TIL LEIÐBEINANDA SÍNS Bæði búddistar og hindúar halda Guru Purnima hátíðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Guru Purnima-hátíðin á Indlandi er tileinkuð kennurum:

Þakka fyrir andlegu leiðsögnina

INDLAND Ungur drengur í Bangalore-héraði á Indlandi tekur þátt í helgiathöfn sem er hluti af Guru Purnima-helgihátíðinni á Indlandi.

Hátíðin er tileinkuð andlegum og akademískum leiðbeinendum og bæði hindúar og búddistar taka þátt í hátíðarhöldunum. Á þessum degi biðja lærisveinar til leiðbeinenda sinna eða gúrúa og námsmenn fagna deginum með því að þakka kennurum sínum fyrir leiðsögnina.

Dagurinn er mikil hátíð í menntakerfinu en margir háskólar á Indlandi opna dyr sínar fyrir stúdentum og fyrrverandi nemendum sem mæta og þakka kennurum sínum eða minnst eldri kennara. -sfs

Fatlaðir komist líka á klósett á hátíðum

Allt of algengt er að engin salerni séu fyrir hreyfihamlaða á bæjarhátíðum að sögn formanns Öryrkjabandalagsins. Hún segir málið snúast um mannréttindi. Varaformaður Sjálfsbjargar segir vont að líða eins og hann sé óvelkominn.

FERDAPJÓNUSTA „Ég verð nú bara að vera alveg hreinskilinn og spyrja – eru svona hátíðir fyrir alla eða fyrir suma?“ segir Bergur Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar, um þá salernisaðstöðu sem hreyfihömluðum er oftast en ekki boðið upp á á bæjarhátíðum á Íslandi.

Bergur segir allt of algengt að ekki sé hugsað út í að fatlaðir hátíðargestir þurfi líka að fara á salernið. „Menn einhvern veginn búast ekki við að fatlað fólk sé að sækja slíkar hátíðir,“ segir Bergur.

Í hans huga ætti að vera einfalt mál að leysa vandann. „Ef þú þarft að bóka Stuðmenn þarft þú líka að bóka stóran kamar. Þetta á bara að vera á listanum yfir það sem þarf að gera,“ segir Bergur.

Fötluðum líði oftast en ekki eins og þeir séu skildir út undan þegar engin salernisaðstaða sé til staðar fyrir þá. „Það er þessi tilfinning sem enginn vill upplifa – að vera óvelkominn sem maður upplifir því miður – þegar maður lendir í einhverju svona. Það er rosalega leiðinlegt, það verður bara að segjast alveg eins og er,“ segir Bergur. Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir að málið snúist um mannréttindi.

„Þetta er spurning um að allir séu við sama borð settir,“ segir hún. Ellen segir allt of algengt að fatlaðir þurfi að fara inn á nær-



KAMAR FYRIR HREYFIHAMLADA Ellen bendir á að kamar fyrir hreyfihamlaða þurfi að vera rúmgóðir, með armstuðning og lítinn hæðarmun frá gólfi. FRÉTTABLAÐIÐ/AMDRÍ MARINÓ

liggjandi veitingastaði og biðja um leyfi til að fara á salernið.

„Þetta er partur af því að fatlað fólk sækir sína þjónustu á sama stað og allir aðrir. Ef það eru almenningssalerni eiga það að vera salerni fyrir alla, ekki suma,“ segir Ellen.

Ellen bendir á að hreyfihamlaðir geti ekki notað hvaða salerni sem er. Þeir þurfi að hafa nægt gólfrými fyrir hjólastól, armstuðning og lítinn hæðarmun frá gólfi.

Öryrkjabandalag Íslands hefur sent bréf á öll sveitarfélög landsins þar sem brýnt er fyrir skipuleggjendum hátíða að tekið sé tillit til þarfa fatlaðs fólks þegar færslanlegum salernum sé komið fyrir.

„Ef þú þarft að bóka Stuðmenn þarft þú líka að bóka stóran kamar.“

Bergur Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar

„Sú hefur því miður ekki alltaf verið raunin,“ segir í bréfinu.

Engin svör hafa enn borist við bréfinu að sögn Ellenar en Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, hafi tekið jákvætt í beiðni hennar og sagt að málið yrði tekið til skoðunar.

ingvar@frettabladid.is

Gagnrýna orð lögreglustjóra: Fjalla á um ofbeldisglæpi

SAMFÉLAG Stjórnir Blaðamannafélags Íslands og Félags fréttamanna lýsa yfir furðu sinni á málflutningi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum og þeim sjónarmiðum sem liggja honum til grundvallar varðandi fréttflutning af kynferðisbrotamálum sem upp kunna að koma



HJÁLMAR JÓNSSON

á Þjóðhátíð.

Í tilkynningunni segir að það sé skylda fjölmiðla að segja frá ofbeldisglæpum og það þjóni ekki hagsmunum neinna nema ofbeldismannanna að þegja um þá.

Þá segir að það sé engin betri aðferð við að fyrirbyggja og lágmarka ofbeldi heldur en að tala um það af hreinskilni. -ngy



VINSTRÍ SINNAÐUR Margir Óttast einangrun flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Leiðtogakjör í Bretlandi:

Corbyn leiðir í könnunum

BRETLAND Jeremy Corbyn er í forystu í skoðanakönnunum fyrir formanskjör Verkamannaflokksins í Bretlandi.

Corbyn, sem áður þótti ólíklegur til sigurs, tók óvænt forskotið í mánuðinum með um 40 til 50 prósentu fylgi.

Hann þykir vera á vinstri væng Verkamannaflokksins og hefur Tony Blair meðal annars varað við afleiðingum þess að Corbyn nái kjöri en margir framámenn í flokknum óttast að Verkamannaflokkurinn muni einangrast undir forystu Corbyns. -sfs

Varnarmálaráðherra Finnlands segir Rússland ekki virða alþjóðasamninga:

Telur Álandseyjar berskjaldaðar

FINNLAND Jussi Niinistö, varnarmálaráðherra Finnlands, segir að Finnland verði að endurmeta varnarmálastefnu sína vegna aukinna umsvifa Rússlandshers í Eystrasalti. Bæði flotar Rússlands og NATO hafa aukið umferð sína um svæðið.

Hann veltir því upp að friðhelgi Álandseyja þurfi hugsanlega að endurskoða vegna þessa.

Álandseyjar eru herlaust land og ríkir alþjóðlegt samkomulag um hlutleysi eyjanna komi til átaka og ber ríkjum sem eru aðilar að samkomulaginu að virða það. Það hafi verið stefna Finnlands til þessa en Niinistö segir að nú þurfi hugsanlega að verða breyting á, mögulega þurfi Finnland að tryggja varnir Álandseyja í framtíðinni.

Hann vísar til innlimunar Krímskaga í Rússland og segir að þrátt fyrir að alþjóðlegir sáttmálar séu



TVEIR VARNARMÁLARÁÐHERRAR Varnarmálaráðherrar Svíþjóðar og Finnlands, Peter Hultqvist og Jussi Niinistö, funduðu í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

í gildi séu Rússar þannig úr garði gerðir að þeir myndu ekki virða hlutleysi Álandseyja kæmi til átaka.

Niinistö segir að Svíþjóð og Finnland muni vinna sameiginlega að aðgerðaráætlun um varnir Álandseyja og Eystrasalts. -sfs

Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki.



Vinir Vatnajökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs. Samtökin styrkja rannsóknir, kynninga- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Umsóknarrestur stendur frá 1. ágúst til 30. september 2015.

Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu samtakanna www.vinirvatnajokuls.is.



ÞAÐ SYNGUR Í POTTINUM UM VERSLUNARMANNAHELGINA

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í 44 MILLJÓNIR Í KVÖLD



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

Verðmæti afla minnkaði:
Verðmæti afla 10 milljarðar í apríl

HAGSTOFAN Verðmæti afla upp úr sjó nam tíu milljörðum króna í apríl, það er 8,8 prósentum minna en í apríl 2014. Verðmæti þorsks var mest eða um 3,8 milljarðar króna sem er 7,2 prósentu samdráttur miðað við apríl í fyrra.

Verðmæti kolmunna var 35,7 prósentum minna en í sama mánuði í fyrra.

Á tólf mánaða tímabili frá máí 2014 til apríl 2015 jókst aflaverðmæti um sjö prósent miðað við sama tímabil árið áður.

-ngy

Skipulagsbreytingar hjá ISS:
Tólf sagt upp störfum hjá ISS



GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON

Tólf starfsmönnum á veitinga- sviði fyrirtækisins ISS var í gær sagt upp störfum og fengu nokkrir boð um endurráðningu í kjölfarið.

„Þetta tengist líka nýlegum kjarasamningum sem við þurfum að fara eftir. Þeir voru auðvitað þungt högg og við þurfum að endurskipuleggja okkar starfssemi með tilliti til þeirra,“ segir Guðmundur Guðmundsson, forstjóri ISS og bætir við að flestir hafi fengið boð um endurráðningu. „Endurráðningin er þá með breyttum kjörum eða öðrum vinnutíma.“

Guðmundur segir að sumir ætli að þiggja endurráðningu en aðrir séu að hugsa málið.

-ngy

Palestínumenn segja Ísraela seka um morð á ungbarni

Palestínumenn saka Ísraelska landtökumenn á Vesturbakkanum um ungbarnamorð. Forsætisráðherra Ísraels fordæmir árásina. Forsætisráðherrann heimilaði byggingu þrjú hundruð heimila Ísraela á Vesturbakkanum.

PALESTÍNA „Þetta er bein afleiðing áratuga langrar refsileysisstefnu Ísraelsstjórnar gagnvart hryðjuverkum landtökumanna,“ segir í yfirlýsingu frelsissamtaka Palestínumanna, PLO, um árás á Vesturbakka Jórdanár.

Átján mánaða drengur lést aðfaranótt gærdagsins í árás á tvö heimili í bænum Duma á vesturbakkanum. Foreldrar hans og bróðir hlutu alvarlega áverka.

Talsmenn PLO segja ísraelska landtökumenn hafa kastað eld-sprengjum á heimilið með þeim afleiðingum að í því kviknaði.

„Við komum að foreldrunum úti, skaðbrenndum, þau sögðu að sonur þeirra væri inni þannig að við náðum í hann. Þegar við komum út aftur sögðu þau að annar sonur þeirra væri líka inni en við gátum ekki bjargað honum, eldurinn stóð í vegi fyrir okkur,“ sagði Ibrahim Dawabsha, nágrenni, við Reuters.

Slagorð á hebresku fundust krotuð á vegg húsins ásamt Davíðsstjórnun, merki Ísraels. Meðal þess sem var krotuð voru orðin „hefn“ og „verðmiði“. Óljóst er hvað átt er við með orðinu hefn en árásin minnir um margt á aðrar „verðmiðarárásir“ á svæðinu þar sem herskáir ísraelskir landtökumenn ráðast á heimili Palestínumanna á Vesturbakkanum.

Ísraelska lögreglan lét rífa tvær



„Þetta eru hryðjuverk í orðsins fyllstu merkingu. Ísraelsríki stendur gegn hryðjuverkum, sama hver fremur þau.“

Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels.

hálfbyggðar blokkir á Vesturbakkanum á miðvikudag við mikla reiði landtökumanna. Ríkisstjórn Netanyahu samanstendur af fimm flokkum og eru nokkrir þingmenn hennar hlynntir landtöku á Vesturbakkanum. Það er talin ástæða þess að Netanyahu heimilaði í kjölfar niðurrífsins byggingu þrjú hundruð heimila fyrir Ísraela á Vesturbakkanum.

Um 500.000 Ísraelar búa á Vesturbakkanum en Ísrael hertók svæðið árið 1967. Byggð Ísraelsmanna þar gengur gegn alþjóðalögum en ríkisstjórn Ísraels er ósammála.

„Þetta eru hryðjuverk í orðsins fyllstu merkingu. Ísraelsríki stendur gegn hryðjuverkum, sama hver fremur þau,“ sagði Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, um árásina.

thorgnyr@frettabladid.is



ÁRÁS Þessi mynd af Ali Saad Dawabsha, átján mánaða palestínskum dreng, varð eftir í brunarústum húss á vesturbakkanum. Drengurinn lést í brunanum.

NORDICPHOTOS/AFP

Spotify + Síminn

VERSLUNARMANNA-
HELGIN
HEFUR ALDREI
HLJÓMAÐ
EINS VEL!

NÚ STREYMR ÞÚ TÓNLISTINNI
FYRIR 0 KR. MEÐ SPOTIFY PREMIUM
Á FARSÍMANETI SÍMANS



Samsung Galaxy S6

Einstök hönnun, einstakir eiginleikar. Samsung Galaxy S6 með þráðlausri hleðslu og 16 megapíxla myndavél.

4.990 kr.

á mánuði í 24 mánuði

Staðgreitt: 109.990 kr.



Orkukubbur fylgir öllum seldum sínum fram yfir verslunarmannahelgi*

Orkukubburinn er frábær ferðafélagi og kemur líka sterkur inn á löngum dögum þegar nóg er að gera og ekki gefst tími til að gullþryggja hleðslu á símtækni þitt.

iGrill

Grillið hefur aldrei hljómað eins vel! iGrill kjóthitamælirinn tengist símanum þráðlaus og grillmaturlinn verður fullkominn.

790 kr.

á mánuði í 12 mánuði

Staðgreitt: 8.990 kr.



Bose SoundLink Colour

Hlustaðu á tónlistina í frábærum gæðum hvar og hvenær sem er. Fullkominn ferðafélagi ásamt Spotify Premium.

1.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði

Staðgreitt: 24.990 kr.



Backtrack áfengismælir

Snjall áfengismælir sem tengist þráðlaus við snjallsímann. Gott að taka stöðuna.

690 kr.

á mánuði í 12 mánuði

Staðgreitt: 7.990 kr.

GRILL66.IS

Kombótíllbað

KLASSÍSKUR BORGARI
Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI!



El Reno
OSTBORGARI
Franskar ~ COKE 0,5 L ~ PRINCE POLO

TILBOÐIÐ GILDIR
23. JULÍ - 3. AGUST

GRILL 66

NORÐLINGAHOLTÍ
ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
MOSFELLSBÆ
SELFOSSI
HELLU
AKRANESI
BORGARNESI

STYKKISHÓLMI
SKAGASTRÖND
ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
SIGLUFIRÐI
NESKAUPSTAÐ
REYÐARFIRÐI



 ÞÚ FINNUR OKKUR Á OLIS-STÖÐVUM

Betra grill við veginn



BÍLBELTI Það er skylda fyrir alla aldurs-
hópa að nota bílbelti í hópferðabifreið-
um.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allir fylgdu gildandi reglum:

Fylgi reglum um öryggisbelti

UMFERÐARMÁL Allir fylgdu gildandi reglum um notkun öryggisbelti í nýlegri könnun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við lögregluna á Suðurnesjum um öryggisbeltanotkun.

Í tilkynningu frá lögreglunni segir að skylda sé fyrir alla aldurs-
hópa að nota bílbelti í hópferðabifreiðum, séu þau til staðar.

Í könnuninni voru bifreiðarnar stöðvaðar á meginleiðum út frá höfuðborgarsvæðinu. Rætt var bæði við öikumenn og farþega.

-ngy

Formaður Vinstri grænna hefur óskað eftir fundi utanríkismálanefndar um stuðning NATO við Tyrki: Stuðningur NATO ögri friðarviðræðunum

UTANRÍKISMÁL „Eins og skilja mátti niðurstöðu fundarins á þriðjudaginn mátti túlka það sem svo að Atlantshafsbandalagið væri að styðja aðgerðir gegn Kúrdum,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Katrín hefur óskað eftir að utanríkismálanefnd Alþingis fundi um stuðning Atlantshafsbandalagsins við aðgerðir Tyrklands á landamærum Sírlands og Íraks.

„Atlantshafsbandalagið er að lýsa yfir stuðningi við aðgerðir Tyrkja sem beinast ekki síður gegn Kúrdum heldur en ISIS og það er auðvitað ákveðin breyting.“

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur lagt áherslu á samvinnu með Atlantshafsbandalaginu í aðgerðum gegn ISIS en enn fremur telur hann mikilvægt að styðja við friðarviðræður Kúrda



Atlantshafsbandalagið er að lýsa yfir stuðningi við aðgerðir Tyrkja sem beinast ekki síður gegn Kúrdum heldur en ISIS og það er auðvitað ákveðin breyting.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna

og Tyrkja. Katrín telur að í þessu felist ákveðin mótsögn.

„Mér finnst mikilvægt að fá stefnu íslenskra stjórnvalda á hreint í þessu máli því það er auðvitað þversagnakennt að styðja við árásir gegn Kúrdum en styðja um leið friðarviðræðurnar. Ég styð þessar friðarviðræður Tyrkja og Kúrda og það hefur Evrópusambandið líka gert en ég hef áhyggjur af því að þessi stuðningur NATO við aðgerðir Tyrkja setji strik í reikninginn.“



ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ Katrín segir að stuðninginn mætti túlka sem stuðning við aðgerðir gegn Kúrdum.

MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Katrín segir að hún hafi þegar rætt við formann utanríkismálanefndar og vonast er til að nefndin komi saman í næstu viku.

Tyrkir hófu loftárásir gegn herskára hluta Verkamannaflokks Kúrda (PKK) og ISIS í síðustu viku.

Árásirnar eru til komnar vegna árása vígamanna beggja sveita

innan landamæra Tyrklands.

Í gær létust tveir tyrkneskir lögregluþjónar og tveir vígamenn Verkamannaflokks Kúrda í árás þess síðarefnda á lögreglustöð og lestarteina í Tyrklandi.


Kúrdar og Tyrkir hafa átt í friðarviðræðum undanfarin tvö ár en þær eru nú runnar í sandinn. -sfs



Landsvirkjun

Ef þú hleypur 10 kílómetra notarðu jafnmikla orku og þarf til að hafa kveikt á einum ljósastaur í átta klukkustundir

NORÐURLÖND



Berjast fyrir réttindum flóttamanna

1 DANMÖRK Dönsk Facebook-herferð miðar nú að því að safna nægum fjármunum til að birta auglýsingar sem tala máli flóttamanna og bjóða þá velkomna til Danmerkur í stærstu fjölmiðlum. Hingað til hafa safnast um hundrað þúsund danskar krónur í herferðinni, andvirði um tveggja milljóna íslenskra króna.

Forsvarsmenn herferðarinnar segja hana svar við áformum dönsku ríkisstjórnarinnar um að birta auglýsingar gegn flóttamönnum í dagblöðum.

„Verið þið velkomnir, flóttamenn, segjum nei við stefnu Støjberg!“ mun segja í auglýsingunum. Inger Støjberg er þingmaður stjórnarflokksins Venstre.



Áhyggjur af of sænskri lögreglu

2 SVÍPÍÓÐ Sænski lögregluskólinn lýsti í gær yfir áhyggjum sínum af snarlækkandi tölu lögregluþjóna sem eru af erlendu bergi brotnir. Á síðustu árum höfðu um tíu prósent nýrra lögregluþjóna verið af erlendu bergi brotnir en í síðustu tveimur inntökuferlum hefur sú tala helmingast.

„Ég hef verið hér í tíu ár og í sum skiptin hefur talan náð fimmtán prósentum,“ segir Betty Rohdin, skólastjóri lögregluskólans í Växjö, um það sem hún telur bestu árin.

„Þegar maður var með útlendinga í heimsókn gat maður sent póst á nemendur og spurt hvort einhver gæti þýtt fyrir mann á arabísku og fengið sjö svör. Nú til dags fær maður engin,“ sagði Rohdin.

Norskir fangar fá minni aðgang að klámi

3 NOREGUR Fangelsisyfirvöld í Noregi úrskurðuðu í gær að fangar þar í landi fái minni aðgang að klámi en áður. Úrskurðurinn felur í sér að aðgangi að efni sem „ógnar friði, reglu og öryggi“ verði hafnað. Fangar í Noregi hafa hingað til haft óheftan aðgang að klámi, svo lengi sem það er löglegt og sýni ekki börn eða ófgafullt ofbeldi. Fangelsisyfirvöld hafa til þessa ekki haft neina lagalega heimild til að gera klám fanga upptækt eða neita þeim um aðgang. Samkvæmt yfirlýsingu fangelsisyfirvalda í Noregi má nú neita föngum um klám geti fangaverðir sýnt fram á að það sé skaðlegt.

Gagnvirkar orkusýningar Landsvirkjunar í Búrfelli og Kröflu varpa ljósi á orkuna sem býr í öllum hlutum.

Landsvirkjun vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum; vatnsafla, jarðvarma og vindi.

Líttu við í sumar.

Opið 10–17 alla daga til 30. ágúst.
Leiðarlýsingar á landsvirkjun.is/heimsoknir

Enginn er ómissandi

I fyrirlestri sem Desmond Tutu biskup frá Suður-Afríku hélt fyrir nokkrum árum sagði hann að eitt stærsta vandamál í stjórnmálum víða í Afríku sunnanverðri væri tregða kjörinna þjóðhöfðingja til að láta af embætti.

Tutu kvað það stríða gegn hefðum rótgróinnar þorpsmenningar að svipta ædstu ráðamenn embættum. Þorpshöfðingjar og héraðshöfðingjar sætu þar til þeir féllu frá, stundum heilsulausir. Þá tæki við sá sem næstur er í erfðaröðinni líkt og í konungdæmi. Þorpsreglan gildi svo líka um þjóðhöfðingjann, jafnvel þó að hann væri augljóslega á kolrangri braut eins og svo mörg sorgleg dæmi væru um.

Kristín Þorsteinsdóttir

kristin@frettabladid.is



Biskupinn greindi frá því að vinur hans og samherji, Nelson Mandela, dáðasti þjóðarleiðtogi og mesti mannasættir síðari tíma, hefði oft rætt þessa meinsemd. Þess vegna hefði honum aldrei dottið í hug að sitja lengur á forsetastóli en eitt fimm ára kjörtímabil. Stjórnarskráin heimilaði tvö kjörtímabil, en árið 1999, þegar Mandela steig til hliðar, var hann orðinn 75 ára. Þótt hann væri fílhraustur og bæri aldurinn vel hefði hann talið hollast að gefa þjóðinni kost á að fela yngri manni forystuna.

Með augljósum rökum mátti halda því fram, að það væri Suður-Afríku fyrir bestu, að minnsta kosti í brád, að Mandela sæti áfram. Þjóðin dáði hann og umheimurinn sömuleiðis. Enginn naut álíka virðingar og enginn var í betri stöðu til að leiða þjóðina á viðsjárverðum tímum. En forsetinn sjálfur skygndist lengra fram í tímann og vildi vera góð fyrirmynd. Hann vildi forðast að hugsanlegir eftirmenn hans gætu vísað í hans fordæmi, háaldradír og ríghaldið í embætti til að þjóna eigin lund.

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, gerði þetta afríska vandamál að umtalsefni í vel heppnaðri heimsókn til Afríku á dögunum. Í ávarpi til Afríska þjóðarráðsins í Addis Ababa sagði hann, að stundum teldu leiðtogar sig ómissandi – að þeir einir gætu leitt þjóðina: „Ef það er rétt, er það vísbending um að þeim hafi mistekist,“ sagði Obama.

Fáir þjóðkjörnir leiðtogar hafa setið lengur en Ólafur Ragnar Grímsson. Í alvarlegri umræðu er ómálefnalegt að nefna stöðu hans í sömu andrá og harðstjóra eins og Mugabe í Simbabwe og Lukashenko í Hvíta-Rússlandi, tveggja forseta sem hafa setið lengur. Það segir sig sjálft. En gárungar á netinu gera það í gríni. Það er broddur í gríninu.

Ólafur Ragnar getur gengið stoltur frá borði. Hann virkjaði málskotsréttinn, dauðan lagabókstafinn. Makrífurumvarpið hefði flogið í gegnum þingið í vor gegn meira en fimmtíu þúsund undirskriftum, ef ríkisstjórnin hefði ekki óttast inngrip forsetans og svo þjóðina. Þannig breytti forsetinn Íslandi til hins betra. Ný stjórnarskrárdrög, sem þjóðin samþykkti en þjónar hennar á Alþingi hunsuðu, bæta um betur og færa þjóðinni sjálfri málskotsréttinn.

Orð Obama í Addis Ababa og lýsing Desmonds Tutu á breytni Mandela ættu að vera forsetanum á Bessastöðum ofarlega í huga næsta misserið. Bíðum spennt eftir tilkynningu á nýársdag.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

365 Lofthraði

MEIRI HRAÐI Í BÚSTAÐINN

- MEIRI HRAÐI
- STÖÐUGRA SAMBAND
- INNLENT NIÐURHAL INNIFALIÐ

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á lofthradi.is

Lofthradi.is | Sími 1817 **365**

GUNNAR



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Barnatrú

Þegar fólk útskýrir trúarskoðanir sínar þá segir það gjarnan að það „haldi í sína barnatrú“. Það er yfirleitt ekkert útskýrt neitt frekar hvað það þýðir. Barnatrúin er almennt talin góð. Í ræðu sinni við setningu Kirkjubings 2013 sagði þáverandi innanríkisráðherra meðal annars: „Það er oft talað um að eiga sér barnatrú. Sú trú er að mínu mati mikilvægari en flest annað.“ Mér fannst þetta mjög athyglisverð yfirlýsing. Barnatrúin er hér ekki eitthvað saklaust krydd í tilveruna heldur



ing á því, tengdan tilfinningum og minningum úr barnæsku. Barnatrúin virðist því vera sú kristilega innræting sem maður fékk sem barn, mismunandi eftir eðli og aðstæðum, og sú upp-

mikilvæg heim-speki eða jafnvel lífsmáti. Ráðherrann útskýrði orðið ekkert en gekk út frá því að allir hefðu einhvern sameiginlegan skilning á því, tengdan tilfinningum og minningum úr barnæsku. Barnatrúin virðist því vera sú kristilega innræting sem maður fékk sem barn, mismunandi eftir eðli og aðstæðum, og sú upp-

fræðsla sem maður fékk um eðli alheimsins frá fullorðnu fólki í kringum mann. Sumt af þessu er frekar mystískt og varðar guðlega heima á meðan annað er praktískt og snýst um siðfræðileg málefni einsog sannleika, heiðarleika og muninn á réttu og röngu eða góðu og illu. Og oft hefur ótti afgerandi hlutverki að gegna í innrætingunni; ef maður breytir ekki rétt þá gæti Guð misboðið. Allt rangt er synd og það er sama hvað við reynum að fela, Guð sér alltaf til okkar og gæti tekið uppá því að refsa okkur.

Heilsu-glussi

Mér hefur alltaf fundist gaman að bulla og rugla í börnunum mínum. Þau kunna öll margar sögur af því. Þegar yngsti sonur minn byrjaði að læra að tala kenndi ég honum samviskusamlega að kalla fötin sín vitlausum nöfnum. Ég kenndi honum að jakkinn hans hét blússa og úlpan hans kápa. Trefillinn hét ekki trefill heldur slæða. Það veitti mér svo ótrúlega ánægju þegar hann var að fara út að leika sér og

spurði um blússuna sína og slæðuna. – Það er svo kalt úti. Viltu ekki frekar fara í kápu? Margra mánaða þrautseigja mín var svo á augabragði öll unnin fyrir gíg þegar mamma hans skemmdi þetta fyrir mér með því að leiðrétta þetta við hann. En það var gaman á meðan á því stóð. Ég hef haft sérstaklega gaman af að kenna þeim fornaldarleg orð yfir hluti og athafnir. Sokkar eru leistar eða hosur. Grjónagrautur er

ábrestir og allt mauk og allt sem gert er í blender er einfaldlega glussi. En þetta er allt gott grín, með smávægilegri kennslu í orðaförða og þau bíða engan skaða af þessu. Ekkert þeirra fær sér iskaldan orkuglussa áður en þau huppla sér í leista og vindblússa áður en þau fara út í daginn. Ekkert þeirra er eitthvað sérstaklega miður sín yfir að muna ekki Gildi Landsbankans þótt ég hafi margoft hvatt þau til þess.

Andlegt nammigott

Kristinfræði er nauðsynleg því hún er hugmyndafræði sem er nátengd samfélagi okkar og sögu. En trúarleg innræting er hættuleg. Með henni er verið að kenna börnum svo margt sem er ekki rétt. Það er alhæft við þau um ýmislegt sem enginn veit. Þeim er kennt að til sé ósýnileg vera sem sé að hálfu leyti manneskja en að hálfu leyti geimvera. Þau hafa ekki raunverulegt val um það hvort þau trúa þessu því það eitt og sér getur komið verunni í uppnám. Ákveði maður hins vegar að fallast á þetta fylgir því ákveðin sefjun og börnum er talin trú um að þar með muni þeim ganga betur í öllu lífinu en

ella. Þetta er tæling. Þetta verður svo enn þá alvarlegra þegar fjöldi fullorðins fólks á atvinnu sína og afkomu undir því að sem flest börn fallist á þetta. Barnatrú er að trúa einhverju sem maður trúði á þegar maður var barn, en komst svo að því þegar maður varð eldri að var kannski frekar ótrúverðugt og órókrétt en ákveða samt, þrátt fyrir aukinn þroska og nýjar upplýsingar, að halda áfram að trúa á það. Kannski af því að það lætur manni líða vel. Það hálftrúir á eitthvað sem það veit ekki alveg hvað er og heldur í það einsog gamla minningu. Einsog að vera fullorðinn og trúa á jólasveininn og halda því fram,

án þess að blikka auga, að hann sé í alvörunni til. En það sem lætur manni líða vel er ekki alltaf gott. Mestu máli skiptir að við höfum val og leyfum börnunum okkar að velja og þjálfa sína eigin dómgreind og læra að taka sjálfstæðar ákvarðanir því sá eiginleiki mun líklega verða þeim að meira gagni í lífinu heldur en geðþótti einhverrar ímyndaðrar veru. Barnatrú er ekki raunveruleg speki heldur bara bull. Hún er allt í lagi en hún er langt frá því að vera mikilvæg. Ekki frekar en úlpa er kapp. Sannleikurinn gerir okkur frjáls, sagði maðurinn. Leitum því sannleikans en trúum bara því sem við viljum.

— HLÝJAR KVEÐJUR UM VERSLUNARMANNAHELGINA —



GEYSIR

KRÓNAN



- fyrst og fremst
ódyr!

3 fyrir 2

Fjöldmörg verslunarmannahelgartilboð!
Þú kaupir 3 vörur en borgar bara fyrir 2.
Sjá öll tilboðin í nýja Krónublaðinu.

Piparsteik

50% afsláttur 1999

Verð áður ~~4147~~ kr. kg
Dönsk ungnautapiparsteik



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Opið

um verslunarmannahelgina

Sjá nánar á www.kronan.is

Laugardag og sunnudag:

Opið í öllum verslunum

Hefðbundinn opnunartími

Mánudagur:

Opið kl. 10-20

í eftirtöldum verslunum:

Lindir

Nóatún 17

Grafarholt

Grandi

Hamraborg

Mosfellsbær

Selfoss

Reykjavíkurvegur

Aðrar verslanir eru lokaðar.



50%
afsláttur

1139 kr. kg

Verð áður ~~2280~~ kr. kg

Spænskar lúxus grísakótilettur, marineraðar

Grísa-kótilettur

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

HELGIN

Una Stefánsdóttir tónlistarkona Kósi í bænum

Þetta verður reykvísk verslunarmannahelgi í ár. Ég og maðurinn minn erum bæði að vinna yfir helgina þannig að planið er að gera það í rólegheitunum og kíkja í sund. Svo er ég spennt fyrir Innipúkanum og ætla að reyna kíkja og sjá einhver bönd. Annars finnst mér alltaf mjög kósi að vera í bænum yfir versló, mér finnst oft vera rólegra tempó yfir borginni en venjulega.



Niels Thibaud Girerd sjónvarpsmaður

Tærnar upp í loft

Planið mitt um helgina er mögulega, ég ítreka mögulega, að vera með tærnar upp í loft og horfa á Mummykvikmyndirnar. Eða slaka á með öðrum hætti. Ég fer allavegana ekki á Þjóðhátíð.



Illugi Jökulsson fjölmíðlamaður

Beitiskipaútgærð

„Ég ætla að rifja upp gamlan fróðleik um beitiskipaútgærð Breta í síðari heimsstyrjöldinni. Betur er ekki hægt að eyða þessari helgi.“



Margeir Steinar Ingólfsson plötusnúður

Möguleg mannlífsrannsókn í Dalnum

Ég er að fara til Eyja. Samt ekki á Þjóðhátíð. Ekki nema einhver rétti mér armband, en þá nýti ég tækifærið og framkvæmi mannlífsrannsókn í Dalnum.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



INNIPÚKANN í Reykjavík þar sem verður mikið um dýrðir.



NÝDÖNSK SPILAR á Þjóðhátíð í Eyjum.



ALLT Á FULLU Undirbúningur fyrir hátíðina var í fullum gangi þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði en á útisvæðinu verður fjölbreytt dagskrá um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skemmta sér vel og fallega

Tónlistarhátíðin Innipúkinn fer fram í fjórtánda sinn um helgina og lokið hefur verið við að tyrfa útisvæðið.

Tónlistarhátíðin Innipúkinn er haldin í fjórtánda sinn í ár, líkt og í fyrra verður sérstakt útisvæði þar sem margt verður um að vera, meðal annars fatamarkaður, ljóðalestur, Pub-Quiz, fjöldi matarvagna og plötusnúðar þeyta skífum.

„Þetta var frábært í fyrra og þá var útisvæðapælingin tekin upp á hærra plan og við höldum því áfram. Það er auðvitað þversögn út af fyrir sig að vera með útisvæði á Innipúkanum. En það eru einhverjir sem bara geta ekki án grass verið og verða að finna lyktina af nýslegnu grasi yfir verslunarmannahelgina og við erum að

þjónusta þennan hóp,“ segir Ásgeir Guðmundsson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar í ár, glaður í bragði.

Fjöldi tónlistarmanna kemur fram um helgina, meðal annars Gísli Pálmi, Sturla Atlas og Steed Lord í kvöld og á morgun Sóley, Mammút og Teitur Magnússon auk fleiri.

„Við erum mjög spenntir, þetta verður stórkostleg helgi. Innipúkinn stendur alltaf fyrir sínu og hefur verið í stöðugri uppbyggingu í fjórtán ár. Fólk skemmtir sér vel og fallega á Innipúkanum. Þetta er fullkomin afsökun til þess að segja nei við hræðilegum hug-

myndum um að fara út á land í úti- legu,“ segir Ásgeir og hlær.

Annað kvöld verður hátíðinni lokað með balli. „Hljómsveitin Babies lokar helginni með Innipúkaballinu í ár og heldur stemningunni uppi langt fram á kvöld. Þau geta spilað endalaust, öll þessi helstu lög og það er engin leið að hreyfa sig ekki og brosa ekki þegar þau eru með ball,“ segir Ásgeir og bætir við að hljómsveitin hafi verið við stífar æfingar undanfarið og spili fullt af nýjum lögum.

Ásgeir segir skipuleggjendur stilla miðaverði í hóf eins og hægt er.

„Við erum með góða bakhjarla, Símann, Vífilfell og GoMobile sem aðstoða okkur. Við reynum að fá aðstoð og láta listamennina fá sem allra mest. Hagnaður hátíðarinnar splittast jafnt á öll böndin, alveg sama hvað þú ert stórt nafn. Það er ekkert annað en tónlistin í forgrunni.“

Nánari dagskrá er hægt að nálgast á Facebook-síðu Innipúkans og miða er hægt að kaupa á vefsíðunni Midi.is en hátíðarpassin er á 6.990 krónur og miði á stök kvöld á 3.990 en Innipúkinn verður haldinn á skemmtistöðunum Húrra og Gauknum við Tryggvagötu.



LJÓS AF HAFI eftir M.L. Stedman í þýðingu Guðna Kolbeinssonar.



BLENDED á Stöð 2 um helgina með Drew Barrymore í aðalhlutverki.

Bestu bollakökur í heiminum

Lilja Katrín Gunnarsdóttir á blaka.is býr til bestu bollakökur, að eigin sögn.

Kökur

¾ bollar Kornax-hveiti
1 tsk. lyftiduft
1/3 bolli mjólk
1 tsk. vanilludropar
2 eggjahvítur
3 msk. mjúkt smjör
1/4 bolli sykur
1/8 bolli sýrður rjómi
6 stk. Lindt-trufflur (skornar í tvennt)

Hitið ofninn í 170°C. Stíffþeytið eggjahvíturarnar í hreinni skál.

Hrærið hveiti og lyftiduft saman í annarri skál. Blandið mjólk og van-

illudropum í enn annarri skál.

Hrærið saman smjör og sykur í fjórðu skálinni. Bætið sýrða rjómanum út í og hrærið vel.

Skiptist síðan á að blanda mjólkur- og hveitiblöndunni saman við smjörblönduna. Að lokum er eggjahvítunum blandað varlega saman við með sleikju.

Setjið í form og bakið í 15 til 20 mínútur. Á meðan er gott að skera Lindt-trufflurnar í tvennt.

Skerið lítið X ofan í hverja bollaköku um leið og þið takið úr ofni. Prýstið Lindt-trufflu ofan í. Kælið kökurnar alveg áður en kremið er sett á.

Krem

60 g hvítt súkkulaði
110 g mjúkur rjómaostur
30 g mjúkt smjör
1 tsk. vanilludropar
1 bolli flórsykur

Bræðið hvíta súkkulaðið og leyfið því að kólna í þrjár mínútur.

Blandið síðan öllum hráefnum saman.



ELEGANT BOLLAKÖKUR Lilja Katrín er liðtæk í eldhúsinu. AÐSEND MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

EKKI FARA Í KÖÖKU

VIÐ OPNUM 5. ÁGÚST KL. 09:00.
STUNDVÍSIR GESTIR FÁ GLAÐNING!

   [DunkinDonutsISL](#)





Búa sig andlega undir helgina

Erla Björg Gunnarsdóttir

erlabjorg@frettabladid.is

Ólöf Skaftadóttir

olof@365.is



Fólkið sem stendur vaktina um verslunarmannahelgina biðlar til allra að fara sér hægt. Skuggahliðar þessarar mestu ferðahelgi ársins séu óhófleg neysla áfengis og vímuefna og slys og ofbeldisverknæðir fylgi óhjákvæmilega. Þau eru sammála um að átakanlegast sé að horfa upp á slys á ungu fólki eða börnum, en að á ýmsu geti gengið þessa mestu ferðahelgi ársins.



Mánudagarnir hættulegastir

Bergur Stefánsson

yfirlæknir bráðabjónustu utan sjúkrahúsa

Bergur fer með lækni-fræðilega forsjá yfir sjúkraflutningum á landinu og yfir slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu, þýrlunni og Neyðarlínunni. Hann starfar einnig sem læknir í þýrlunni og á bráðamóttökunni í Fossvoggi. Það má segja að hann sé sérfræðingur í að vera fyrstur til bjargar.

„Verslunarmannahelgin er löng helgi og það er tilhneiging til slæmra slysa. Sérstaklega á mánudögum þegar það er gott veður og fólk er að flýta sér heim. Svo fylgir þessari helgi ansi mikil drykkja og dópi. Fólk er oft að koma sér í vanda vegna þess.“

Bergur segir að talsverð aukamönnun sé yfir þessa helgi. Til dæmis í Vestmannaeyjum og á sjúkrahúsum á Suðurlandi. „Menn eru meðvitaðir um að það megi búast við áföllum þessa helgi og maður býr sig andlega undir það. En maður vonar það besta.“

Síðustu ár hefur dánartalan lækkað í kringum þessa miklu ferðahelgi. Bergur þakkar það betra vegakerfi og þar af

„Það er fólk sem er hættulegt þessa helgi – í umferðinni og gagnvart öðru fólki.“

leiðandi færri stórum umferðarslysum. Hann segir þó margt koma upp sem tengist neyslu og kynferðisofbeldi. „Það virðist vera ótrúlega algengt að fólk á fullorðinsaldri sé á kafi í neyslu. Það fólk og fólkið í kringum það er mun líklegra til að lenda í vandræðum. Svo hafa kynferðisofbeldismálin lodað við þessar útihátíðir, það eru skelfileg mál. Það er fólk sem er hættulegt þessa helgi – í umferðinni og gagnvart öðru fólki.“

Jóhann segir helgina vel geta tekið á og þá sé mikilvægt að fá stuðning frá félögum. „Skaðinn er yfirleitt skeður þegar við komum á vettvang. Við komum til að hjálpa og reynum að gera sem best úr þeim aðstæðum sem við lendum í.“



Mikill erill strax eftir helgi

Hrönn Stefánsdóttir

hjúkrunarfræðingur á bráðadeild Landspítalans

Hrönn segir starfsfólk bráðadeildarinnar vera viðbúið stærri slysum um verslunarmannahelgina og að smá spennan liggir í loftinu. Annars sé sumarið almennt annasamt.

„Þetta var mjög erfð helgi áður fyrr en undanfarin ár hefur verið minna um stór umferðarslys. Það er þó alltaf mikið að gera á bráðamóttökunni. Við fáum fleiri inn eftir líkamsrásir, sem oft eru tengdar neyslu, og þær eru oft mjög grófar. En almennt er mjög mikið að gera um helgar yfir sumartímann. Það er vegna aukins ferðamannastraums og svo eru mörg svokölluð frístundaslys hjá sumarfrísfólkinu, trampólín-óhöpp og snúnir ökkla eftir göngur. Þess vegna er oft mikið að gera fyrstu dagana eftir verslunarmannahelgina. Fólk kemur og lætur kíkja á sig þegar það er komið í bæinn.“

Hrönn starfar mikið á neyðarmóttökunni sem er starfrækt allan sólarhringinn á bráðadeildinni. Þangað leita

„Því miður eru nauðganir eitthvað sem hefur alltaf fylgt verslunarmannahelginni og útihátíðum. Það koma ekki endilega margir um sjálfa helgina, heldur í vikunni á eftir.“

fórnarlömb kynferðisofbeldis. „Því miður eru nauðganir eitthvað sem hefur alltaf fylgt verslunarmannahelginni og útihátíðum. Það koma ekki endilega margir um sjálfa helgina, heldur í vikunni á eftir. Ég vil þó ítreka að best er að koma sem fyrst upp á sönnunabyrði og skoðun.“

Hrönn viðurkennir að það geti tekið á að taka á móti fólki í alls kyns ástandi og að vera undir miklu álagi á bráðadeildinni. „En við erum gott teymi sem vinnum hér saman og styðjum hvert annað. Það verður flottur hópur hér á vaktinni um helgina.“



Sigrarnir standa upp úr

Jóhann Eyfeld Ferdinandsson

sigmaður hjá Landhelgisgæslunni

Jóhann starfar við að síga niður úr þýrlu til að bjarga fólki sem er í hættu eða slasað úti á sjó og landi. Oft eru sigmenn fyrstu björgunarmenn á staðinn ásamt lækni.

„Það getur ýmislegt gengið á yfir verslunarmannahelgi og er helgin 2013 mér minnstæðust. Það var fyrsta verslunarmannahelgin mín í þýrlunni og það varð bæði stórt bílslys og flugslysið á Akureyri.“

Jóhann segir lítinn mun á milli ára nema að umferðin hafi aukist talsvert á landinu. „Það getur hjálpað til við að hægja á umferðinni og gera hana þannig öruggari. Þá eru lengri bílaraðir og færri sem eru að taka fram úr eða keyra hratt.“

Hann segir annasamar helgar geta tekið á andlegu hliðina. „Og þá er gott að eiga góða eiginkonu og góða félagu um borð í þýrlunni. Þá ræðum við saman ef eitthvað er að hrjá mann. Það sem stendur upp

„Fyrir hverja vakt hugsa ég í hverju ég lendi þetta skiptið. Maður veit ekkert hvað gerist eða hvenær maður kemur aftur heim. Við erum bara alltaf í startholunum.“

úr er þegar maður nær að koma einhverjum á spítala í tæka tíð og heyrja síðan fréttir að viðkomandi hafi gengið þaðan út.“

Jóhann er á vaktinni um helgina en segir að undirbúningur fyrir þessa helgi sé ekkert öðruvísi en fyrir aðrar vaktir. „Fyrir hverja vakt hugsa ég í hverju ég lendi þetta skiptið. Maður veit ekkert hvað gerist eða hvenær maður kemur aftur heim. Við erum bara alltaf í startholunum.“

Framhald á næstu síðu ►

Veldu ef þú getur ...

eða lestu báðar!



„Listavel skrifuð bók.“


LE FIGARO



JYLLANDS-POSTEN

DAGBLADENES BUREAU

ALT FOR DAMERNE



J.D. Salinger og Charlie Chaplin voru ástfangnir af sömu konunni.

Eldfim og listilega skrifuð bók.



Margföld verðlaunabók um allt sem gerir lífið þess virði að lifa því.

Danskt drama af bestu sort.





Pössum upp á hvert annað

Njáll Pálsson

bráðatæknir og sjúkraflutningamaður

Njáll segir verslunarmannahelgina frábrugðna öðrum helgum á vaktinni. „Það eru svo margir á faraldsfæti og svo er þessi skuggahlíð, fólk er að neyta áfengis og vímugjafa í óhóflegu magni og þá verða stundum ofbeldisverk, slys, veikindi í kringum það. Svo eru það bílslys sem hafa alltaf sett sitt mark á ferðahelgar, þegar ég lít svona til baka.“ útskýrir Njáll.

Hann segir átakanlegt og gríðarlega erfitt á köflum að starfa við það að koma að slysum. „Sérstaklega ef um ungt fólk eða börn er að ræða. En þetta er auðvitað bara svona, hluti af starfinu. Við köllum þetta verkefni sem þarf að leysa hverju sinni og þar er einna mikilvægast að vera í góðu sambandi við alla viðbragðsaðila og samstarfið er mjög gott. Það er náttúrulega aldrei gaman að horfa upp á það þegar samborgarar manns lenda í nauðung, en maður sinnir því sem þarf að sinna.“

Aðspurður segir hann hegðun fólks um verslunarmannahelgi hafa breyst á undanförunum árum. „Ég er ekki frá því að fólk sé farið að vera heilt yfir meira afslappað í umferðinni. Mér finnst ég finna það. En það er auðvitað slæmt þegar fólk er að keyra í misjöfnu ástandi, þá skapast hættu. Það er oftast á heimleiðinni og ég biðla til fólks að setjast ekki undir stýri nema að vel athuguðu máli.“ segir Njáll, en bætir við að nú sé mikið af erlendum ferðamönnum á ferðinni og þeir séu ekki jafn öruggir í umferðinni.

„Fólk er að neyta áfengis og vímugjafa í óhóflegu magni og þá verða stundum ofbeldisverk, slys, veikindi“

Síðustu fimm verslunarmannahelgar hefur Njáll verið að vinna í sjúkragæslu á Þjóðhátíð í Eyjum.

„Ég hef skynjað breytingu til hins betra í Eyjum líka. Það er því að þakka að það er búið að vinna markvisst í öryggismálum í dalnum, Þjóðhátíðarnefnd hefur aukið öryggi gestanna. Það er búið að auka við gæslu, koma upp myndavélakerfi og svo er líka búið að vinna í brekkunni sjálfri, hreinsa hana vel af grjóti og binda grjótið fyrir ofan með neti. Þegar ég var að byrja þá var grjótið mikið á ferðinni, að rúlla niður og hitta fólk illa, það var að detta um þetta, og svo voru menn svo ófor-skammaðir að grýta því og maður sá marga áverka tengda því.“

Njáll biðlar til fólks að ganga hægt um gleðinnar dyr. „Pössum hvert annað, ég held að það sé númer eitt, tvö og þrjú á svona stórum mannamótum þar sem fólk er undir áhrifum og kannski misindismenn sem leynast í fjöldanum. Svo náttúrulega þetta með að vera ekki að hreyfa við ökutækjum nema vera í ástandi til þess.“



Meiri áhersla á innbrotseftirlit

Dóra Birna Kristinsdóttir

lögregluamaður

Það er jafn mikill viðbúnaður og um aðrar helgar. Við í lög-reglunni í bænum leggjum svo meiri áherslu á innbrotseftirlit og slíkt, það eru auðvitað margir sem fara úr bænum og þá eru meiri líkur á að eitthvað gerist heima hjá fólki. Við erum að fylgjast með eignum fólks. Annars eru oft rosalega margir niðri í bæ og það þarf að sinna því fólki líka.“ segir Dóra Birna, en hún hefur verið í lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu síðan 2002 og unnið yfir margar verslunarmannahelgar.

„Það hefur verið þannig að ef það hefur verið hundleiðinlegt veður á útihátíðum hafa hátíðirnar færst á Lækjartorg. En það eru nú einhver ár síðan það gerðist síðast.“


Hún segir eldra fólk meira í bænum um verslunarmannahelgar. „Þá er yngra liðið farið á útihátíðirnar. Það getur verið öðrvísi stemming í bænum, meiri rölegheit yfir þessu. En svo er auðvitað allur gangur á því. Það er líka fullt af túr-

„Ef það hefur verið hundleiðinlegt veður á útihátíðum hafa hátíðirnar færst á Lækjartorg.“


istum í bænum um þessar mundir, en það er ekkert vesen á þeim. Það er eitthvað svona sem fylgir, það er verið að stela af þeim og svo er alltaf svolítið fylleri í bænum. Svo finnst manni eins og það séu oft meiri slagsmál þegar er leiðinlegt veður, fólk virðist vera glaðara í sól og blíðu.“

Hún man eftir að hafa komið að erfiðum slysum í kringum ferðahelgarnar. „Erfiðustu slysin eru þau þegar unga fólkið og börnin meiddast. Það er mjög átakanlegt að horfa upp á slíkt. En ég vil endilega biðla til fólks þessa helgi að flýta sér ekki um of, fara varlega og ganga hægt um gleðinnar dyr með gleði í hjarta.“

ALVARLEG SLYS Í UMFERÐINNI



BANASLYS Í FLUGI



Engin banaslys urðu á íslenskum skráðum loftförum frá árinu 2001 til og með árinu 2008.



FLUGSLYSIÐ Í SKERJAFIRÐI Sex létust af völdum slyssins. Allt ungt fólk í blóma lífsins og var þjóðin gjörsamlega slegin.

Fimmtán ár frá flugslysinu í Skerjafirði

Mikil umræða um flugöryggi skapaðist eftir slysið í Skerjafirði og í nú ár urðu engin banaslys í flugi. Menn sjá nú merki um aukið kæruleysi en flugyfirvöld gefa engan slaka og úthluta afgreiðslutímum um helgina.

Mánudaginn 7. ágúst árið 2000 hrapaði flugvél í sjóinn í Skerjafirði, þrjú létust og þrennt slasaðist lífshættulega, og létust öll innan árs.

Flugvélin var í farþegaflugi að ferja gesti Þjóðhátíðar heim eftir helgina. Vélin var við það að snerta flugbrautina og lenda þegar flugmaðurinn fékk skipun frá flugturni um að hætta við þar sem önnur flugvél var á flugbrautinni. Flugmaðurinn hækkaði þá flugið og ætlaði að taka annan hring. Örstuttu síðar skall vélin í sjóinn, brotnaði og sökk. Rannsókn á slysinu leiddi í ljós að líkur væru á að bensínþurrð hefði orsakað slysið. Aðstandendur gagnrýndu rannsóknina og í kjölfarið skapaðist bæði umræða og þrýstingur sem leiddi til umbóta í flugöryggismálum. Í nú ár eftir Skerjafjarðarflugslýsið varð ekkert banaslys í flugi á Íslandi en áratuginn fyrir slysið varð slys næstum því á hverju ári.

Alltaf uggur í brjósti þessa helgi

Friðrik Þór Guðmundsson, faðir ungs manns sem lét lífið í kjölfar slyssins, var einn þeirra sem gagnrýndu rannsóknina og barðist fyrir því að sannleikurinn fengi að líta dagsins ljós.

„Ég er ekki í vafa um að barátta aðstandenda á sínum tíma, ofan á einlægan umbótavilja fjölda annarra, flugmanna ekki síst, hafi skilað sér í auknu flugöryggi. Þótt flugmálayfirvöld hafi verið treg í taumi og tekið gagnrýni óstintt upp þá var ýmsum lögum

og reglum breytt, eftirlit aukið og án efa varð um leið jákvæð hugarfarsbreyting í „bransanum“.

Síðustu sex ár hafa orðið sex flugslys. Þar af flugslysið á Akureyri sem varð verslunarmannahelgina árið 2013. „Þrátt fyrir að allt bendi til þess að lærdómurinn hafi skilað sér er fyllsta ástæða til að staldra ögn við. Banaslysin eru farin að skjóta upp kollinum á ný. Hið minnsta í tveimur þessara tilvika virðist einhvers konar fífl-dirfska hafa spilað inn í.“

Friðrik segist finnst það hið besta mál að fólk ferðist og skemmti sér hraustlega þessa miklu ferðahelgi en þó setjist ávallt uggur í brjóst hans fyrir verslunarmannahelgina. „Í mörg ár núna hefur feginleiki fylgt í kjölfarið og ég vona að svo verði áfram. Að allir komist heim heilu og höldnu.“

Merki um slaka

Ragnar Guðmundsson, rannsakandi flugslysasviðs, segir að reglugerðarbreyting árið 2004 hafi líklega haft sitt að segja með langt slysalaut tímabil eftir Skerjafjarðarslysið en einnig vitundarvakning. „Ég held að menn hafi farið að horfa aðeins í eigin barm, hvernig þeir væru að stunda þennan rekstur í kringum Þjóðhátíð, og almennt líka.“

Frá árinu 2009 hafa orðið þrjú banaslys þannig að slysalausa tímabilinu er lokið. Eru menn hættir að vanda sig? „Við erum að sjá merki um að það sé verið að slaka á undanfarin ár. Eflaust er það ástæðan fyrir því að Samgöngustofa hefur aukið eftirlit.“



„Banaslysin eru farin að skjóta upp kollinum á ný. Hið minnsta í tveimur þessara tilvika virðist einhvers konar fífl-dirfska hafa spilað inn í.“

Þessara tilvika virðist einhvers konar fífl-dirfska hafa spilað inn í.

Friðrik Þór Guðmundsson

Skiptar skoðanir um takmörkun umferðar

Samkvæmt upplýsingum frá Isavia er starfsmönnum fjölgað á Vestmannaeyjaflugvelli yfir verslunarmannahelgina til að bregðast við aukinni flugumferð. Í ár hefur afgreiðslutímum einnig verið úthlutað með hliðsjón af áætluðu umferðarmagni en miðað er við að flugtök og landingar verði ekki fleiri en átta á hverjum hálf tíma. Það er gert til þess að tryggja að ekki séu of margar flugvélar í einu í loftrýminu og vegna þess að stæði á flugvellinum eru takmörkuð. Ekki eru allir á eit sáttir við þessa úthlutun, til að mynda hafa háværar mótmælarraddir heyrst á lokaðri síðu „flugnörða“ á Facebook en samkvæmt Isavia ættu allir að komast leiðar sinnar. „En mögulega gæti fólk þurft að hlíðra tímum til að dreifa álaginu á flugvöllinn betur. Þess má geta að algennt er á flugvöllum að afgreiðslutímum sé úthlutað á álagstímum.“ segir í svari Isavia við fyrirspurn frá Fréttablaðinu.



**VERÐ
SPRENGJA**

Gleðilega
verslun
manna-
helgi!



NAUTALUNDIR
NYJA-SJÁLAND
FRYSTIVARA

2.799

ÁÐUR 3.998 KR/KG

GOÐI

-35%

LAMBA INNRAEÐRI
FERSKT

2.893

ÁÐUR 4.450 KR/KG

GOÐI

-30%

LAMBALÆRI M/
ÍSLENSKUM KRYDDJ.

1.476

ÁÐUR 2.108 KR/KG

-21%

LAMBA-
LÆRISSNEIÐAR
GRILLMARINERAÐAR

2.289

ÁÐUR 2.898 KR/KG

-20%

LÆRISSNEIÐAR
BLANDAÐAR

2.118

ÁÐUR 2.648 KR/KG

KJÖTSEL

...allt á grilljö!

HUMAR VIP
STÓR - 800 GR - ASKJA

6.430

ÁÐUR 6.989 KR/PK

-59%

**VERÐ
SPRENGJA**

KARTÖFLUR
FRÁ FRAKKLANDI - Í LAUSU

98

ÁÐUR 239 KR/KG

-50%

JARÐARBER
ASKJA, 250 GR

219

ÁÐUR 438 KR/PK

UPPRUNALAND: BELGÍA

tívalið í útileguna...

-23%

EMERGE
ORKUDRYKKUR

99

ÁÐUR 129 KR/STK

-25%

SYKURPÚÐAR
HYTOP - 284 GR

299

ÁÐUR 398 KR/PK

-26%

CHIA BIA
2 TEG

169

ÁÐUR 229 KR/STK

SEVEN UP, 2L

199

ÁÐUR 235 KR/STK

PRINGLES
2 TEG.

119

ÁÐUR 149 KR/STK



Í KEPPNI Það voru mikil vonbrigði fyrir Katrínu að komast ekki í keppnina fyrir ári. En hún segir að það hafi gefið henni enn meiri kraft til að standa sig vel í keppninni í ár – og sá kraftur færði henni sigur.

Ég er stolt af vöðvunum

Katrín Tanja Davíðsdóttir er nýkrýndur heimsmeistari í crossfit. Við tekur annasamur tími, hún mun ferðast víða og verða þekktara nafn. Hún ætlar að nýta tækifærin sem bjóðast og hana dreymir um að verða íþróttafréttamaður eða leikkona.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Katrín Tanja byrjaði í fimleikum sex ára og æfði stíft í tíu ár. Svo dalaði áhuginn á fimleikum og hún prófaði frjálsar íþróttir. Hún fann ekki ástríðuna sem hún leitaði að þar og var því enn leitandi þegar hún byrjaði að æfa crossfit fyrir tæpum fjórum árum. Og hefur svo sannarlega fundið ástríðuna.

„Mig vantaði eitthvað krefjandi til að keppa í og stefna hátt. Ég fylgdist svo með Annie Mist sumarið 2011 þegar hún vann keppnina og ég fann að þetta var eitthvað sem ég vildi gera,“ segir Katrín glöð í bragði en hún hefur verið á kafi í íþróttum svo lengi sem hún man eftir sér. „Ég er með svo mikið keppnissskap og hef alltaf verið þannig. Allt sem ég gerði þegar ég var barn var keppni. Ég fór í kapphlaup við bróður minn að næsta ljósastaur og bjó til þrautbrautir á skólalóðum með vininum. Ef enginn gat keppt við mig var ég með skeiðklukku og tók tímunn á mér. Fór í keppni við sjálfa mig. Reyndi til dæmis að standa í handstöðu eins lengi og ég gat. Ég er samt ekki skapstór, ég er með ágætis jafnaðargeð. En ég er þrjósk – sem fer vel með keppnissskapinu.“

Verður að vera 100%

Katrín gerir miklar kröfur til sín og getur því orðið tapsár í keppnum. „En ef ég geri mitt besta og allt gengur eins vel og hægt er verð ég ekki ósátt. En það er auðvitað hundleiðinlegt að vinna ekki. En maður lærir af því – bæði af því að tapa og vinna.“

Síðasta árið hefur crossfit átt hug Katrínar allan. Hún er mikill námsmaður og nýtur þess að vera í skóla. Hún hefur alltaf verið í námi meðfram æfingum, í Versló og seinna í háskóla að læra verkfræði og lögfræði. „Ég var að koma seint heim á hverju kvöldi, læra fram á nótt og vakna svo snemma til að fara á æfingu. Mér fannst ég ekki vera 100 prósent á báðum stöðum þannig að ég ákvað í janúar að setja skólann í pásu. Þegar maður

dreifir orkunni á svona marga staði þá nær maður aldrei framúrskarandi árangri. Ég ákvað að gefa mig alla í crossfittið. Það þýðir að allt þetta ár hef ég eingöngu æft, borðað og sofið en náð að hvíla vel á milli æfinga. Þá fær maður meira út úr æfingunum.“

Æfir frá níu til fimm

Katrín Tanja er enn stödd úti í Bandaríkjunum þar sem hún mun næstu dagana njóta þess að vera í frii með fjölskyldunni eftir mikla törn. Síðasta árið hefur hún verið með annan fótinn úti í Boston þar sem þjálfari hennar býr. „Þá mætir maður í crossfit-stöðina klukkan níu og fer heim um fimm. Þetta er vinnudagurinn minn. Þjálfarinn minn fylgist með öllum æfingum mínum og í lok dags förum við yfir allar æfingar og andlegu hliðina. Það hefur hjálpað mér mikið, að vera með rétta hugarfarið. Þjálfarinn minn er frábær, ég er eins og elsta dóttirin í fjölskyldunni hans og bý hjá honum þegar ég er úti.“

Leiklistin heillar

Katrín ætlaði að fara aftur í skóla í haust og klára verkfræðina en eftir sigurinn í keppninni finnst henni líklegt að hún muni biða aðeins með námið.

„Það eru svo mörg tækifæri sem koma með sigrinum. Þetta er stór stökkpallur fyrir mig og ég ætla að reyna að nýta það. Strax eftir sigurinn var hringt í mig frá höfundstöðvum Reebok. Þau voru að láta mig vita að ég mætti eiga von á miklum ferðalögum, viðtölum, auglýsingatökum og vildu fá stunda-skrána mína. Svo er ég strax komin með umboðsmann og fjármálaráðgjafa. Tækifærin eru á hverju strái og ég vil nýta þau vel á meðan þau bjóðast. Í framtíðinni get ég vel hugsað mér að verða leikkona, já, eða íþróttafréttamaður. Mér líður vel fyrir framan myndavélarnar,“ segir Katrín hlæjandi. Hún viðurkennir að síðustu dagar hafi verið örlítið yfirþyrmandi. Að hún hafi aldrei verið jafn mikið í símanum. Hún hafi varla við að svara SMS-skilaboðum og að það sé langt í að hún komist í gegnum skilaboðin á Facebook. „En þjálfarinn minn leggur mikið upp úr því að ég reyni að njóta. Svo er ég að æfa mig að láta umboðsmann sjá um þetta.“



MEÐ ÞJÁLFRUNUM Til vinstri er aðalþjálfari Katrínar, Ben Bergeron, og hægra megin er hlaupþjálfari hennar, Chris Hinshaw.



DAGINN FYRIR LEIKANA „Við fengum að vita að við áttum að keppa á paddle boarding sem eru eins og lítil brimbretti nema mun valtari. Við fengum að prófa þetta í fyrsta skipti daginn fyrir keppni.“

“Ég er með svo mikið keppnissskap og hef alltaf verið þannig. Allt sem ég gerði þegar ég var barn var keppni. Ég fór í kapphlaup við bróður minn að næsta ljósastaur og bjó til þrautbrautir á skólalóðum með vininum.“

“Í framtíðinni get ég vel hugsað mér að verða leikkona, já eða íþróttafréttamaður. Mér líður vel fyrir framan myndavélarnar.“

“Ég fæ jákvæð viðbrögð og ótrúlega jákvæðar athugasemdir á samfélagsmiðlunum. Ég finn að það er lítið upp til mín og ég geti verið góð fyrirmynd. Ég er þakklát fyrir það.“

Það er vissulega erfið tilhugsun að láta allt mitt í hendurnar á einhverjum með einni undirskrift. En ég er heppin og hef þekkt manninn sem sér um mína hluti lengi. Ég er í raun ótrúlega heppin með allt fólkið í kringum mig. Þetta fólk gerði heimsmeistaratilinn mögulegan. Það eina sem ég þurfti að gera var að gera eins og þau sögðu mér.“

Stundum venjuleg 22 ára stelpa

Katrín er með allan sinn fókus á crossfittinu þessa dagana en hún reynir að sinna vinunum og félagslífinu eins og hún getur. „Auðvitað þarf maður að fórnar ýmsu. Ég missi oft af afmælum og missti til dæmis af öllum útskriftum í vor. Ég hef eiginlega ekki hitt neinn frá því fyrir Evrópuleikana. Þannig að ég hlakka til að koma heim og njóta þess að vera með fólkinu mínu í haust áður en crossfit-tímabilið hefst aftur í janúar. Þá bæti ég upp tímann og fæ að vera venjuleg 22 ára stelpa. Kíki í bæinn og svona,“ segir Katrín Tanja hlæjandi.

Engin karlremba í crossfit

Umræðan um minni athygli á konur í íþróttum kemur upp reglulega á Íslandi. Katrín Tanja kannast ekkert við karlrembu í crossfit-heiminum. „Sérstaklega ekki á

Íslandi. Ég fæ jákvæð viðbrögð og ótrúlega jákvæðar athugasemdir á samfélagsmiðlunum. Ég finn að það er lítið upp til mín og ég geti verið góð fyrirmynd. Ég er þakklát fyrir það. Ég veit að þetta viðgengst og hef séð hjá öðrum neikvæðar athugasemdir um líkamsvöxt og vöðva. En hér á Íslandi er flott að vera sterkur og í góðu formi. Vöðvarnir eru okkar töl og ég er stolt af vöðvunum mínum. Þeir gera mig að því sem ég er. Svo eru kynin mjög jöfn í crossfit. Það er jafn hátt verðlaunafé, fjallað jafn mikið um karl- og kvenkeppnir og kynin gera sömu æfingar. Þetta er mikilvægt og ég er stolt af því að vera í íþrótt þar sem kynin eru á sama plani.“

Næsta árið mun Katrín einbeita sér að crossfittinu og þar sem hún er týpan sem tekur hlutina alla leið mun líklega fátt annað komast að. „Það er svo mikilvægt að finna eitthvað sem maður hefur gaman af og njóta þess. Mér finnst frábært að vakna á morgnana með markmið í huga og eitthvað til að stefna að. Vera spennit fyrir að fara á æfingu og vinna að einhverju markmiði. Það er ólýsanleg tilfinning að sjá bætingu hjá sjálfum sér og vita hversu mikil erfiðisvinna er á bak við hana. Það gerir þetta svo magnað.“

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Höfuðverk í Anarkíu

Listeyningin Höfuðverk var opnuð í Anarkíu listasal um síðustu helgi. Þar gefur að líta verk eftir tólf ólíka listamenn sem öll eru unnin úr hauskúpum hrúta.

SÍÐA 4

Eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum

Túrmerik
95% Curcumin

20%
afsláttur

„Undraefnið“
frá Natures aid

Getur haft góð áhrif á
bólgu, blóðrás, minni og
blóðsykursjafnvægi.



Útsölustaðir: flest apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur verslana.

KYNSEGIN HINSÖGUR

ÁHUGAVERT Nú skal hinsega er fræðsluráðstefna um hinsegin málefni sem haldin verður í Iðnó á mánudaginn. Að viðburðinum stendur fjölbreyttur hópur fólks sem tekið hefur þátt í hinsegin félagsstarfi og hefur víðtæka þekkingu á málefnum sem fjallað verður um á ráðstefnunni.

Þetta er heill fræðsludagur og haldinn að degi til á frídegi verslunarmanna í þeirri von að fólk hafi þá frekar ráðrúm til að mæta,“ segir Kitty Anderson, sem er formaður Intersex Íslands og einn skipuleggjandi hátíðarinnar, og bætir við: „Eins konar upphitun fyrir Hinsegin daga sem byrja á þriðjudaginn.“ Kitty segir að ráðstefnan sé ekki á vegum Hinsegin daga en þar hafi fræðsla hins vegar stöðugt verið að leika stærra hlutverk. „Kveikjan var sú að okkur fannst vanta enn sterkari áherslu á fræðslu í tengslum við Hinsegin daga. Dagskrá Hinsegin daga er hins vegar mjög þétt og í ár er t.a.m. boðið upp á þrjá fræðsluviðburði og erfið að koma svona mikilli fræðslu í jafn stífa dagskrá. Því ákváðum við í raun að þjófstarta Hinsegin dögum smá með heilum fræðsludegi líkt og er til dæmis gert í Stockholm Pride með Pride House. Það er frá svo mörgu að segja að okkur fannst nauðsynlegt að taka bara heilan dag í þetta.“

HVAR ERUM VIÐ?

Ráðstefnan hefst á fyrirlestri sem heitir Hvar erum við? – umfjöllun um jaðarhópa hinsegin samfélagsins. „Þar ætlum við að skoða ýmsa jaðarhópa og kynnst minna þekktum hugtökum sem hinsegin fólk notar til að skilgreina sjálf sig.“ Kitty segir áhersluna verða á að fræða um þá hópa sem fólk þekkir síður. „Áherslan verður á fræðslu um ýmis málefni sem tengjast hinsegin lífi og reynslu. Það verður nánast engin áhersla á samkynhneigð, enda hefur mikilli og góðri fræðslu verið haldið úti um þau málefni undanfarin ár, heldur þeim mun meiri á að kynna aðrar kynhneigðir, kyngervi og kynvitundir. Og meðfram því að kynna þá hópa sem fólk þekkir síður verðum við með forrættindasmiðju.“

FORRÉTTINDI OFT ÓMEÐVITUÐ

Kitty segir forrættindasmiðjuna ganga út



á að skoða hvað eru forrættindi. „Hvað eru forrættindi? Hvaða forrættindi höfum við í lífinu sem gera lífið auðveldara og hversu meðvituð erum við um þau? Auðveldasta dæmið um forrættindi er að þurfa aldrei að spá í aðgengismál, ▶

FRÆÐSLA UM FORRÉTTINDI

Að mati Kittyar er mikilvægt að gera sér grein fyrir forrættindum sínum sem eru oft ómeðvituð.

Vítamín og bætiefni sem næringarþerapistar mæla með.

Solaray Ísland á Facebook
Fæst í öllum helstu apótekum og heilsuvörubúðum

Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!

NUTRILENK™ GOLD

Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér á að hyggja betur að lífsstílnum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“

Hinrik Ólafsson; leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

Útsölustaðir: flest apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is

► hvernig og hvort við komumst inn í hús þar sem við viljum vera eða sækja viðburði. Þeir sem þurfa ekkert að spá í aðgengi í daglega lífinu vita jafnvel ekki af þessum forréttindum sínum en fyrir marga fatlaða einstaklinga geta aðgengismálin haft mjög mikil áhrif á daglegt líf. Forréttindi geta líka verið samfélagsleg, fjárhagsstaða foreldra getur til dæmis sagt til um það erlendis hvaða tækifæri bjóðast í lífinu. Hjá þeim einstaklingum sem ekki falla inn í ríkjandi viðmið um kynhneigð, kynvitund, kyngervi og jafnvel kyneinkenni getur það haft mikil áhrif á þeirra daglega líf. Þess vegna á það vel við á þessari ráðstefnu að velta forréttindum fyrir sér.“

TRANS OG KYNSEGIN

Meðal þeirra jaðarhópa sem verða kynntir á ráðstefnunni má nefna asexual fólk, sem er fólk sem laðast ekki kynferðislega að öðrum en undir þeirri regnhlífr er fólk með alls konar ólíka reynslu og einnig verður komið inn á reynslu þeirra sem eru tvíkynhneigðir eða bi-sexual, poly-amorous eða fjölásta og pankynhneigðir og heillast af einstaklingum, óháð kyni eða kyngervi. „Sumir halda því fram að tvíkynhneigð sé ekki til og tvíkynhneigðir, poly og pan geta mætt fordómum bæði hjá gagnkynhneigðum og samkynhneigðum vegna kynhneigðar sinnar,“ segir Kitty. „Sumir samkynhneigðir halda því fram að tvíkynhneigðum sé eitthvað

minna treystandi en öðrum vegna þess hæfileika að geta laðast að báðum kynjum. Sem er að mínu mati fjarstæða því það segir ekkert um tryggleiki einstaklings að hverjum hann laðast kynferðislega, hvort sem það er sama kyn eða bæði. Manneskja sem er trygg er það óháð kynhneigð.“

Þá verður fluttur fyrirlesturinn Trans og kynsegin 101. „Transfólk hefur verið meira í umræðunni undanfarin ár en þar hefur áherslan verið mest á lítinn hluta þess hóps, það er að segja þá einstaklinga sem upplifa kynvitund sína á skjön við það kyn sem þeim var úthlutað sem barni,“ segir Kitty. „Það hefur ekki farið jafn mikið fyrir fólk sem upplifir kynvitund sína ólíkt því, kannski sem einhvers konar sambland af karl og kven og jafnvel fyrir utan karl og kven. Sumir innan þessa hóps hafa tekið upp að kalla sig kynsegin.“

ALLIR VELKOMNIR

Dagskráin stendur frá 11-18 og það verður hádegishlé þar sem verður hægt að kaupa sér súpu og brauð á 1.290 krónur. „Í hádeginu verðum við með bókakynningu. Það er til dæmis verið að vinna að hinsegin handbók um þessar mundir og höfundar hennar ætla að koma og kynna hana. Það verður kynning á starfsemi Kynís sem er kynfræðifélag Íslands og á ráðstefnu norrænna kynfræðinga sem verður haldin í

október. Og svo verður kynning á Freak out sem verður öðruvísi hinsegin ball á vegum BDSM Ísland. Það verður mikil dagskrá og engin grið gefin, ekki einu sinni í hádeginu.“ Allir fyrirlesararnir eru búsettir hér á Íslandi og ráðstefnan því að mestu leyti á íslensku. Síðasti hlutinn verður þó fluttur á ensku þar sem einn af fyrirlesurunum er enskumælandi. „Fyrirlesturinn heitir „Why can't I wear Blackface?“ og þar verður komið inn á hugtakið „cultural appropriation“ sem hefur verið þýtt á íslensku sem „menningarnám“ og merkir þegar við tökum eitthvað að láni úr menningu annarra og hugsum ekki út í eða yfirfærum hvaða gildi það hefur í þeirri menningu.“

Kitty segir að ráðstefnan sé ekki ætluð neinum stökum hópi í samfélaginu. „Þessi ráðstefna er algerlega fyrir alla. Auðvitað eru sumir í hinsegin samfélaginu sem eru betur að sér um eitt en annað en ég held að allir innan og utan hinsegin samfélagsins geti lært mikið af þessum fyrirlesturum.“ Vonast er til þess að hægt verði að taka ráðstefnuna upp svo þeir sem ekki komast á mánudaginn geti kynnt sér það sem þar fer fram.

Dagskrá „Nú skal hinsegja“ má sjá í heild sinni á samnefndri Facebook-síðu. Frítt er inn á viðburðinn en tekið verður við frjálsum framliðum.

■ brynhildur@365.is



KITTY ANDERSON, FORMAÐUR INTERSEX ÍSLANDS Hinsegin fólk er fjölbreyttur hópur og að ráðstefnunni standa einstaklingar með víðtæka þekkingu á þeim mállefnum sem fjallað verður um.

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og idýfulög til að hreinsa.

Sendum í póströfu

Gullkistan

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is

Svefnvandi, kvíði, depurð

MAGNOLIA OFFICINALIS

Börkur af plöntunni **MAGNOLIA OFFICINALIS**, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2000 ár í Asíu.

- Heilbrigður svefn
- Upphaf svefns
- Samfelldur svefn
- Þunglyndi og kvíði

„Hjálpar þér að losna úr víðahringnum og ná stjórni á svefnum“
Dr. Michael Breus
www.theleepdoctor.com

Heilbrigður svefn

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lífandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup

Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

CROSSFIT þeim fjölga ört hér á landi sem stunda CrossFit. Íþróttin er afar fjölbreytt og skemmtileg og hentar fólk á ólíkum aldri.

Í öðrum CrossFit á Íslandi hefur fjölgað hratt á undanförunum árum en um 4.000 manns stunda þessa skemmtilegu íþrótt um allt land. CrossFit gengur út á fjölbreytta alhliða þjálfun þar sem notast er við þekktar íþróttgreinar eins og fimleika, kraftlyftingar, ólympískar lyftingar auk þekktra þolæfinga á borð við hlaup, róður og hjólreiðar.

Meðal þeirra sem hafa stundað íþróttina, þjálfað hana og rekið CrossFit-stöðvar undanfarin ár eru þau Hrönn Svansdóttir og Evert Víglundsson. „Í CrossFit blöndum við þessum greinum og æfingum saman og búum til stöðugt breytilegt mynstur virkra náttúrulegra hreyfinga sem við framkvæmum af krafti. Fjölbreytni í vali æfinga, hvernig þær eru settar saman og lengd þeirra skiptir einnig miklu máli. Fólk á öllum aldri stundar CrossFit og stór skýring vinsælda greinarinnar snýr einmitt að þessum fjölbreytileika í æfingum,“ segir Hrönn.

Það eru þó ekki bara fjölbreyttar og krefjandi æfingar sem gera CrossFit skemmtilegt að sögn Everts. „Stór hluti ánægjunnar snýr að félagsskapnum og þeim frábæra anda sem myndast innan stöðvanna. Sterk vinabönd myndast hjá iðkendum sem virkar hvetjandi bæði á æfingum og í lífinu sjálfu. Regluleg hreyfing í skemmtilegum félagsskap verður að lífsstíl og eykur þannig lífsgæði allra sem taka þátt.“

Það er ekki nauðsynlegt að hafa grunn úr öðrum íþróttum til að stunda CrossFit. „Þú þarft ekki að kunna eða geta neitt til að byrja og allir eru jafnir í hópnum. Þeir sem eru lengra komnir eru hvatning fyrir byrjendur og þannig vinnur hver og einn að persónulegri bætingu sem um leið bætir hópinn og umhverfið sem við lifum og hrærumst í. Sett er upp markmiðsett prógramm þar sem þjálfarinn leiðbeinir og hvetur og þannig ná allir árangri hraðar. Allir geta verið með því hægt er að laga prógrammið að getustigi hvers og eins iðkanda.“



EINTÓM GLEÐI „Stór hluti ánægjunnar snýr að félagsskapnum og þeim frábæra anda sem myndast innan stöðvanna,“ segja þau Hrönn Svansdóttir og Evert Víglundsson.

Nýlega náði hópur Íslendingar frábærum árangri á Evrópu- og Afríkuleikunum en þar unnu nokkrir sér inn þátttökurétt á Heimsleikunum og flestir vita um árangur Íslendinganna þar. „Eitthvað af árangrinum getum við þakkað góðum genum sem hafa þróast með náttúruvali í gegnum tíðina í þessu harðbýla landi. Aðalatriðið er þó hvað við Íslendingar erum duglegt fólk því það er jú öll vinnan sem fer í að æfa sig fyrir svona keppni sem gerir það að verkum að við stöndum uppi sem sigurvegarar. Það eru allir tilbúnir að standa á efsta palli og taka við verðlaunum en sá sem er tilbúinn að leggja á sig alla erfiðisvinnuna í undirbúningi fyrir keppni vinnur á endanum.“

■ starri@365.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



LION ER YNDISLEGT MED PÉR



LION - BAR-A-GAMAN



HAUSINN FULLUR AF HUGMYNDUM

BEINALIST Höfuðverk er yfirskrift sýningar sem var opnuð í Anarkiu Listasal í Hamraborg um síðustu helgi. Þar gefur að líta verk eftir tólf ólíka listamenn sem öll eru unnin úr hauskúpum hrúta. Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson stendur á bak við sýninguna.

Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson, bóndi á Þorgrímsstöðum á Vatnsnesi, hefur um nokkurt skeið fengist við að hreinsa og vinna höfuðkúpur og bein hinna ýmsu dýra og skapa úr þeim listmuni undir merkinu Natural Bones Design. Síðastliðið vor datt honum í hug að fá til liðs við sig hóp listamanna og fékk hver um sig í hendur hauskúpu af hrút og var uppálagt að nota hana sem efnivið í listaverk. Útkoman er afar fjölbreytt en afraksturinn er sýndur í Anarkiu, ásamt hreinum hauskúpum frá Jóhannesi Óskari.



JÓHANNES ÓSKAR

beranum voru sjálf með upplýsta, útskorna kúpu.“

En hvernig voru þátt-takendurnir valdir? „Ég lagði upp með að vera bæði með þekkt og lítt þekkt listamenn. Þetta er ýmist fólk sem ég hafði samband við eða frétti af verkefninu og kom að máli við mig. Á opnuninni kom svo upp hugmynd um að gera þetta enn viðameira og er aldrei að vita nema af því verði,“ segir Jóhannes Óskar.

Sýningin hefur að hans sögn fengið góðar viðtökur og mætti fjöldi fólks á opnunina. „Mér er sagt að það hafi verið mjög vel mætt miðað við árstíma og gaman að þetta skuli vekja athygli.“

Jóhannes Óskar hafði gert talsvert af vegglistaverkum úr hauskúpunum en langaði að prófa að gera úr þeim fleiri muni. „Ég var með hausinn fullan af hugmyndum en komst bara ekki yfir að framkvæma þær allar. Þá datt mér í hug að fá fleiri til liðs við mig. Útkoman kom mér skemmtilega á óvart og þarna eru jafnt skúlptúrar sem nytja- og listmunir.

Sjálfur var Jóhannes Óskar spenntur fyrir því að koma ljósi inn í kúpunar og fékk eigendur fyrirtækisins Ljósberans Skermagerðar til að aðstoða sig við að búa til óvenjulegan lampa „Ég laumaði honum með á sýninguna undir dulnefninu Kropor Mazz, en þau hjá Ljós-

Jóhannes Óskar hefur lengi haft brennandi áhuga á listum; jafnt tónlist, myndlist og nytjalist. „Ég bý yfir miklum sköpunarkrafti og finnst gaman að vinna með efnivið sem aðrir myndu flokka sem rusl.“ Jóhannes Óskar nálgast beinin aðallega í sláturhúsinu á Hvammstanga og þarf að vinna þau umtalsvert svo þau sómi sér vel á vegg eða sem annars konar heimilisprýði. „Það þarf



„BÚINN ER NÚ AÐ STRÍÐA“ Eftir Aðalstein Eyþórsson.

að sjóða hausana og þrifa hornin vel til að fjarlægja alla fitu. Svo þarf að saga hornin til og koma þeim aftur á hausana.“ Jóhannes Óskar er hvernig nærri hættur og hefur verið að prófa sig áfram með refa-, fugla- og hvalabein svo dæmi séu nefnd.

Aðspurður segir hann útlendinga sérstaklega áhugasama um kúpunar og hefur fengið talsvert af pöntunum að utan. „Ætli okkur Íslendingum þyki þetta ekki meira hversdagslegt.“

Sýningin í Anarkiu stendur til 16. ágúst en þar er opið alla daga nema mánudaga frá 15-18. Áhugasömum er jafnframt bent á Facebook-síðuna Natural Bones Design.



■ vera@365.is

SAUÐUR Eftir Aðalheiði Davíðsdóttur.

salcura Náttúruleg húðmeðferð í úðaformi

Þjáist þú af sveppasýkingu eða þurrki í slímhúð?

Topida Intimate Hygiene Sprey

þykir sérlega áhrifaríkt við sveppasýkingu, kláða, særindum eða þrusku í slímhúð.

Helga Torfadóttir mælir hiklaust með Topida Intimate Hygiene Sprey.

Multi Action Formula

Throat and Tissue Relief

Salicylic Acid

For gentle relief of itching, irritation, redness & dryness

Topida Intimate Hygiene Spray

Topida Multi Action Formula

Throat and Tissue Relief

Salicylic Acid

For gentle relief of itching, irritation, redness & dryness

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.



JOKER Eftir Kropor Mazz / Davíð Bjarnason.



VETRARNÓTT Eftir Elínu Ósk Björnsdóttur.

40.000

FBL fréttapýrstir notendur

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store | Download from Windows Store | Google play

FRÉTTABLAÐIÐ



DREAMKEEPER Eftir Guðmann Þór Bjargmundsson.



NORÐLENSKA

Framkvæmdastjóri Norðlenska

Norðlenska óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í krefjandi starf. Starfstöð framkvæmdastjóra er á Akureyri.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stefnumótun og innleiðing stefnu í samvinnu við stjórn
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana
- Eftirfylgni verkefna
- Stjórnun mannauðs
- Samskipti við hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikil reynsla af rekstri og stjórnun skilyrði
- Þekking á sambærilegum markaði kostur
- Þekking og reynsla af breytingastjórnun
- Þekking á framleiðslu kostur
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfileikar og framsýni

Norðlenska matborðið ehf. er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru og meðal vörumerkja eru KEA, GOÐI, Húsavíkurhangikjöt og Bautabúrið. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Akureyri, en fyrirtækið er einnig með starfsstöðvar á Húsavík, á Höfn í Hornafirði og á höfuðborgarsvæðinu. Velta fyrirtækisins er rúmlega 5,2 milljarðar og hjá fyrirtækinu starfa að meðaltali um 195 manns með fjölbreyttan bakgrunn. Hjá félaginu starfar öflugur og samhentur hópur stjórnenda og sérfræðinga meðal annars á sviði kjötiðnaðar, verkfræði, viðskiptafræði, sjávarútvegsfræði, dýralækninga ofl. Norðlenska er í eigu Búsældar ehf., félags kjötframleiðenda í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og Austur- og Suðausturlandi.

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent



Akureyrarbær - Skipulagsstjóri



Akureyrarbær auglýsir eftir skipulagsstjóra (skipulags- og byggingarfulltrúi). Skipulagsstjóri er yfirmaður skipulagsdeildar og starfar skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Skipulagsdeild hefur á hendi daglega stjórnun skipulagsmála, umferðarmála, byggingamálefna, umhverfisskipulags og landfræðilegs upplýsingarkerfis Akureyrarbæjar (LUKA).

Starfssvið

- Umsjón og eftirlit með skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu í samræmi við stefnu bæjarstjórnar hverju sinni
- Yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi á verkswiði sínu
- Ábyrgð á daglegum rekstri skipulagsdeildar þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum
- Áætlanagerð og stefnumótun í samstarfi við skipulagsnefnd
- Undirbúningur og eftirfylgni mála sem varða skipulagsnefnd og situr fundi nefndarinnar
- Afgreiðsla byggingarmála skv. 9. gr. mannvirkjalaga og sér um útgáfu framkvæmdaleyfa
- Innri og ytri samskipti s.s. við stofnanir ríkisins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í arkitektúr eða verkfræði, eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Uppfylla ákvæði 8. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og hafa löggildingu sem hönnuður sbr. 25. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010
- Uppfylla ákvæði 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Reynsla af starfi tengdu skipulags- og byggingarmálum er skilyrði
- Þekking á lögum og reglugerðum innan málaflokksins er skilyrði
- Þekking á byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar og menntun og kunnátta til þess að vinna samkvæmt henni er skilyrði
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga æskileg
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið. Akureyrarbær á í viðræðum við nágrannasveitarfélög um að veita þeim þjónustu á sviði skipulags- og byggingarmála.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 17. ágúst nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Lausar stöður í Vík í Mýrdal:

- List- og verkgreinakennari
- Íþróttakennari í afleysingu í eitt ár

Tvær stöður list- og verkgreinakennara og staða íþróttakennara í eitt ár við Grunnskóla Mýrdalshrepps eru einnig lausar til umsóknar frá og með næsta skólaári.

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum kennurum í þessar stöður. Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Porkell Ingimarsson skólastjóri skólastjóri@vik.is í síma 865-2258. Umsóknir skal senda til Mýrdalshrepps Austurvegi 17, 870 Vík.

Umsóknarfrestur er til 7. ágúst n.k.

Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík

Vík í Mýrdal

Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufergur er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

Bifvélavirki óskast



Framsækið bílaleigufyrirtæki óskar eftir því að ráða bifvélavirkja í fullt starf í starfsstöð sína í Keflavík. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstakling með reynslu af bílaviðgerðum. Góð laun í boði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Alexander Haraldsson í síma 848-1250.

Umsóknir sendist á netfangið alexander@lotuscarrental.is.



Vaktstjóri og starfsmaður í eldhús í 100% starf. Einnig starfsfólk í aukavinnu.

Ertu hress og skemmtileg/ur og langar að koma í liðið okkar á Roadhouse? Við leitum að vaktstjóra og starfsmanni í 100% starf. Unnið er á vöktum 2-2-3. Vantar einnig fólk í kvöld- og helgarvinnu.

Áhugasamir hafi samband á eldhus@roadhouse.is



Starfsfólk óskast

Samskiptastjóri - fullt starf

Starfið felur í sér ytri og innri upplýsingamiðlun, viðburðastjórnun, útgáfumál Rannís og þeirra sjóða og verkefna sem Rannís hefur umsjón með. Samskiptastjóri mun einnig halda utan um fræðslumál starfsmanna og vinna að mannaúðstengdum verkefnum í samstarfi við sviðsstjóra rekstrarsviðs.

Verkefnastjóri menntasjóða - fullt starf.

Starfið felur í sér umsjón með innlendum menntasjóðum s.s. umsjón með umsóknar- og úthlutunarferli, skipulagningu funda og ráðstefna sem og þátttöku í öðru kynningarstarfi, miklum samskiptum við viðskiptavinum, stjórnir sjóða og starfsfólk stofnunarinnar. Starfsmaður þarf að vera reiðubúinn að sinna öðrum þeim störfum sem þarfnast úrlausnar.

Upplýsingastofa og móttaka - fullt starf

Starfið skiptist á milli umsjónar með Upplýsingastofu um nám erlendis og héraðs og almennra starfa í móttöku Rannís auk ýmskonar aðstoðarstarfa. Starfið felur í sér mikil samskipti við viðskiptavinum og starfsfólk stofnunarinnar og í einhverjum mæli við erlenda samstarfsaðila.

Matráður - 60% starf

Starfið felur í sér umsjón með mótuneyti Rannís, matseld og bakstur, útbúa veitingar fyrir fundi, uppþvott og frágang ásamt öðrum tilfallandi störfum. Við leitum að jákvæðum og hugmyndaþróðum einstaklingi sem hefur ánægju af matseld, er lipur í mannlegum samskiptum, snyrtilegur, röskur og með góða þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, mánudaginn 12. ágúst 2015

Nánari upplýsingar um störfina er að finna á heimasíðu Rannís en þar skal jafnframt sækja um störfina, www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskríteini.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannaúðs, menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnisjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.



Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is



Sálfræðingur óskast – afleysing

Vestmananeyjabær auglýsir eftir sálfræðingi til starfa hjá fjölskyldu- og fræðsluviði Vestmannaeyjabæjar. Um er að ræða afleysingu í eitt ár frá og með 1. september 2015. Starfið er á sviði skóla- og félagsþjónustu.

Starfssvið sálfræðings

- Ráðgjöf til foreldra barna og starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Forvarnarstarf.
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum, ráðgjöf og eftirfylgd mála.
- Fræðsla og námskeið fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skóla.
